



# Ársskýrsla 2020



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health

## Ársskýrsla embættis landlæknis 2020

ISSN 1670-746X

### Útgefandi:

Embætti landlæknis  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
© 2021 Embætti landlæknis

### Ábyrgðarmaður:

Alma D. Möller

### Ritstjóri:

Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir

Útlit: Auglýsingastofa Þórhildar

Umbrot: Embætti landlæknis

Myndir: Embætti landlæknis, Shutterstock, Istockphoto.

Forsíðumynd: Listamaður sem ekki vill láta nafns síns getið.

Teikning á bls. 34: „Coraggio“, eftir Milo Manara: <https://www.milomanara.it/>. Sótt í maí 2021.

Ársskýrsla embættis landlæknis 2020 er gefin út rafrænt.

Heimilt er að afrita og nota efni hennar, sé heimildar getið.

Aðfararorð landlæknis .....	2
Um embætti landlæknis .....	4
Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu.....	9
Sóttvarnir .....	12
Heilbrigðisupplýsingar.....	15
Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna.....	20
Lýðheilsa.....	23
Brot úr fréttum ársins 2020.....	28
Alþjóðlegt samstarf.....	31
Útgefið efni árið 2020.....	34
Fjárhagur embættis landlæknis .....	36



## Embætti landlæknis fagnaði 260 ára afmæli í skugga COVID-19



Þann 18. mars 2020 voru liðin 260 ár frá því að Bjarni Pálsson var skipaður fyrsti landlæknir á Íslandi. Þann dag var heimsfaraldur COVID-19 í uppsveiflu og einungis hægt að minnst þeirra tímamóta með því að árna afmælisbarninu heilla á daglegum upplýsingafundi og með greinarstúfi í dagblaði. Hinum fyrsta landlækni var sett allitarlegt erindisbréf, þar sem honum var m.a. falin umsjón með heilbrigðismálum landsins, að veita sjúkum landsmönnum læknishjálp og kenna mönnum lækningar í því skyni að útskrifa þá sem fjórðungslækna á Íslandi. Landlæknir átti einnig að uppræða ljósmæður, vera lyfsali og sjá um sóttvarnir.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og embættið vaxið og eflst en þar vinna nú um 70 manns. Embætti landlæknis starfar meðal annars í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Verkefnin eru ærin og afar fjölbreytt, eins og lesa má um í þessari ársskýrslu. Samkvæmt lögnum er embættinu ætlað að stuðla að heilbrigði landsmanna og efla lýðheilsustarf í landinu. Þá ber embættið ábyrgð á framkvæmd sóttvarna. Þar starfar sóttvarnalæknir og samstarfsfólk í samræmi við sóttvarnalög nr. 19/1997. Þau lög fela sóttvarnalækni mikilvægt hlutverk í samfélaginu og heimildir til að bregðast við þeirri vá, sem af farsóttum kann að stafa. Sóttvarnir hafa verið mikilvægur þáttur starfsins allt frá stofnun embættisins en á þeim tíma voru smitsjúkdómar tíðir og skæðir.

Þegar fyrsta smit kórónuveirunnar, SARS-CoV-2 greindist, þann 28. febrúar 2020 hófst atburðarrás sem fáa hafði órað fyrir. Starf embættisins meðan á fyrstu bylgju stóð, snérist að langmestu leyti um viðbrögð við faraldrinum. Landlæknir og sóttvarnalæknir voru meðal annars heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn til ráðgjafar og starfsfólk sóttvarnasviðs vann náið með almannavörnum, að viðbragði og upplýsingamiðlun, meðal annars með útgáfu ótal leiðbeininga. Starfsfólk allra sviða lagðist á eitt við að leysa fjölda flókinna verkefna, sem tengdust faraldrinum. Má þar nefna eftirlit með heilbrigðisþjónustu, bæði vegna COVID-19, en ekki síður með annarri þjónustu.

Þar komu rafrænar heilbrigðisskrár embættisins sér vel. Mikil vinna var við þróun og innleiðingu ýmissa rafræna lausna, til dæmis skimunarkerfis og í Heilsuveru þar sem miðlað var niðurstöðum úr sýnatökum og mótefnaþælingum, svo fátt eitt sé nefnt. Þótt hraði væri á, var lögð ofuráhersla á öryggi lausna og persónuvernd. Þá var rafrænni útgáfu starfsleyfaskrár hraðað, til að auðvelda ráðningar úr bakvarðasveit heilbrigðisþjónustu. Embættið gaf út ráðleggingar um hvernig landsmenn gætu best tekist á við þær áskoranir sem faraldurinn var fyrir andlega líðan. Loks má nefna aðkomu starfsmanna embættisins að smitrakningu og ýmiss konar utanumhaldi. Áætlað er að auk starfsmanna sóttvarnasviðs, hafi verið unnið að viðbrögðum við faraldri í tíu stöðugildum að jafnaði árið 2020.

Ástæða er til að hrósa og þakka sóttvarnalækni, sem og öllu starfsfólki embættisins, fyrir vel unnin störf á þessu ótrúlega ári. Þá er öllu því góða og fjölmarga samstarfsfólki, sem kom að vinnu við faraldurinn færðar þakkir og yrði of langt mál að telja þau öll upp.

Þótt vinna við heimsfaraldur COVID-19 bæri hæst, sýndi starfsfólk embættisins ótrúlega elju og vinnusemi er varðar önnur verkefni. Önnur mikilvæg verkefni á árinu voru hefðbundið eftirlit með heilbrigðisþjónustu og vinna við að ýta áfram *Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu*. Þannig var í fyrsta sinn kallað eftir gæðauppgjörum frá fjölda stofnana. Þannig vinnur embættið að því með heilbrigðisráðuneytinu, öðrum stofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum öllum að því að efla gæði og öryggi þjónustunnar og að vinna að framgangi *Heilbrigðisstefnu*.

Áfram var unnið að bættri lýðheilsu, meðal annars á vettvangi sveitarfélaga undir verkefninu Heilsueflandi samfélag og bættust nokkur sveitarfélög í hópinn þannig að nú búa 93.5% landsmanna í heilsueflandi samfélagi. Loks ber að nefna að þrátt fyrir heimsfaraldur var öllum öðrum og fjölbreyttum erindum sinnt eins og kostur var. Málum hefur fjölgað og mörg orðin flóknari. Því hefur málsmeðferðartími hjá embættinu óhjákvæmilega lengst, því miður. Leitast er við að halda aðilum mála upplýstum.

Það er ósk mín að þessu 260 ára embætti farnist áfram vel og það haldi áfram að vinna að heilsu og vellíðan landsmanna, með því að stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsueflingu og forvörnum.

Alma D. Möller landlæknir

## UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS

### Hlutverk og innra starf

Hlutverk embættis landlæknis (EL) er margþætt samkvæmt lögum en í stuttu máli má segja að það sé:

#### **Að stuðla að bættri heilsu almennings í landinu.**

Þetta er gert með því að:

1. *Gera kröfur til og hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu.*
2. *Veita ráðgjöf um og stuðla að heilsueflandi lífferni.*
3. *Efla forvarnir á sviði smitsjúkdóma og áhættuþátta sem eru skaðlegir heilsu fólks.*
4. *Veita stjórnvöldum ráðgjöf við stefnumörkun í heilbrigðismálum.*

Árlega er lögð fram starfsáætlun sem er vegvísir embættisins. Verkefnum er forgangsraðað út frá fjórum aðaláherslum:

- Stuðla að auknu öryggi og umbótum í heilbrigðiskerfinu.
- Hvetja og styðja við heilsueflingu.
- Vöktun og viðbrögð sóttvarna.
- Markvisst innra starf í samræmi við aðaláherslur EL.

Embættið vinnur að þessum verkefnum í góðu samstarfi við fjölda aðila. Embættið stendur fyrir fjölda málþinga og viðburða og ennfremur eru starfsmenn EL virkir þátttakendur í samfélagsmæðu er varðar málefni tengd heilbrigðisþjónustu, forvarnir og heilsueflingu.

### Innra starf

Árið 2020 var eitt annasamasta ár í langri sögu embættisins. Heimsfaraldur COVID-19, sem fyrst gerði vart við sig í upphafi árs, tók yfir nánast allt innra starf embættisins. Samhliða miklum áskorunum sem fylgdu faraldrinum freistaði starfsfólk embættisins að framfylgja lögbundnum skyldum þess og það með góðum árangri. Þó svo að embættið hafi veigamiklu hlutverki að gegna í faraldri þá stóð það um leið frammi fyrir sömu áskorunum og aðrir vinnustaðir; margir fóru sóttkví, fjarvinna var nýr veruleiki sem þurfti að aðlagast, álag var mikið, samhliða því að haustið 2020 styttist vinnutími flestra starfsmanna um tvær klukkustundir í samræmi við kjarasamninga flestra stéttarfélag.

Þau umfangsmiklu umbóta- og gæðaverkefni sem embættið hefur ráðist í á undanföllum árum komu að góðum notum í þeim áskorunum sem starfsfólk tókst á við í tengslum við heimsfaraldurinn, einkum varðandi rafrænar heilbrigðislausnir. Hægt verður að draga margvíslegan lærdóm af faraldrinum og því er mikilvægt að reynsla síðasta árs verði nýtt til að efla enn frekar starfsemi embættisins.

Á haustmánuðum var haldið áfram þróun rafrænnar stjórnsýslu sem fresta þurfti á fyrri hluta árs vegna COVID-19 faraldursins. Mikill ávinningur mun skapast þegar verkefninu lýkur í formi bættrar þjónustu við viðskiptavini.

Embættið leggur áherslu á straumlínustjórnun, skýra, skráða verkferla og einföldun verklags, til að gera starfsemi og afgreiðslu erinda eins skilvirka og hægt er.

#### GILDIN OKKAR

##### Ábyrgð

Við leysum verkefni sem okkur eru falin af metnaði og fagmennsku á tilsettum tíma. Við bendum á það sem betur má fara.

##### Virðing

Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi, góðvild og sanngirni.

##### Traust

Við ávinnum okkur traust með því að veita áreiðanlega þjónustu og gæta jafnræðis í hvívetna.



Þróun og innleiðing á nýju öryggis- og gæðastjórnunarkerfi hélt áfram, sem og innleiðing GDPR persónuverndarlöggjafarinnar. Söfnun og vinnsla á persónuupplýsingum er fyrst og fremst til þess fallin að gera embættinu kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeim lögum sem um starfsemi embættisins gilda og þegar vinnsla er nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem stofnuninni er falið. Þessi persónuverndarsjónarmið þurfti að hafa til hliðsjónar í aðgerðum vegna heimsfaraldurs COVID-19 og naut embættið góðs af því að hafa lagt áherslu á innleiðingu löggjafarinnar á undanföllum árum.

Á árinu fékk embættið jafnlaunavottun frá vottunarstofunni Vottun og heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerkið. Jafnlaunagreining sýndi að ekki er um marktækan kynbundinn launamun að ræða innan embættis landlæknis.

## UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS

### Ytra starf

Hið ytra starf embættis landlæknis og sóttvarnalæknis hefur á árinu beinst að því að veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi heilbrigðiskerfið og bregðast við heilbrigðis-ógnum með viðeigandi hætti í samstarfi við almannavarnir.

Þegar fyrsta kórónuveirusmitið greindist hér á landi, þann 28. febrúar 2020 hófst atburðarrás, sem átti eftir að hafa umfangsmikil áhrif og raska allri starfsemi embættisins. Landlæknir og sóttvarnalæknir voru stjórnvöldum til ráðgjafar og starfsfólk sóttvarnasviðs vann náið með almannavörnum að viðbragði og upplýsingamiðlun. Starfsfólk allra sviða lögðust á eitt við að leysa fjölda verkefna sem tengdust heimsfaraldri COVID-19.

Eftirlitsmálum fjölgaði umtalsvert og tími málsmeðferðar lengdist. Frumkvæðisúttektum á heilbrigðisstofnunum fækkaði en farið var í úttektir vegna alvarlegs atviks sem Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands tilkynnti til embættis landlæknis og vegna COVID-19 hópsmits á Landakoti. Loks voru gerðar úttektir á stöðu heilbrigðisþjónustunnar í fyrstu bylgju COVID-19 faraldursins. Fyrsta innköllun vegna *Áætlunar um gæðapróun* var gerð í september en mikilvægt er að setja kraft í að innleiða áætlunina þar sem líklegt er að notkun hennar verði til þess að bæta gæði, öryggi og framþróun íslenskrar heilbrigðisþjónustu.

Starfsleyfaskrá embættis landlæknis var birt á heimasíðu embættisins á árinu. Birting hennar hefur margvíslegt hagræði í för með sér, einkum fyrir heilbrigðisstofnanir og aðra sem ráða heilbrigðisstarfsmenn til starfa.

Rafrænar heilbrigðisskrár embættisins, sem innihalda rauntímagögn, reyndust mjög gagnlegar við vöktun heilbrigðisþjónustunnar í COVID-19 faraldrinum og gerðu kleift að bregðast við aðstæðum hverju sinni. Starfsmenn heilbrigðisupplýsinga tóku þátt í gerð og þróun spálíkans um líklega þróun COVID-19, með vísindafólki frá Háskóla Íslands og Landspítala. Lögð var áhersla á að sjá fyrir þróun faraldursins og áhrif á heilbrigðiskerfið. Niðurstöður spálíkana veittu upplýsingar sem studdu við töku ákvarðana um takmarkanir og samkomubönn. Það hjálpaði einnig almenningi að skilja eðli faraldursins.

Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hafði hraðar hendur við að þróa og innleiða hinar ýmsu rafrænu lausnir til að halda utan um og hefta útbreiðslu veirunnar. Með samvinnu margra aðila tókst að þróa og innleiða rafrænar lausnir á met tíma, s.s. skimunarkerfi fyrir COVID-19 á landamærunum og rakningarappið c-19. Mikil þróun átti einnig sér stað í Heilsuveru. Má þar nefna að niðurstöður úr einkennasýnatökum, skimunum og mótefnaþælingum gegn COVID-19 voru allar gerðar aðgengilegar í Heilsuveru. Einnig var gefinn kostur á að skrá sig í sóttkví í Heilsuveru. Ýmis vottorð voru gerð aðgengileg til útprentunar, þ.m.t. vottorð vegna sóttkvíar og vegna COVID-19 smits. Auk þess var beiðni um einkennasýnatöku gerð aðgengileg í heilbrigðisgáttinni. Í október var gert kleift að veita umboð til að sækja lyf í apótek og tilraunaverkefni með að svara spurningalista og senda úr Heilsuveru og yfir í sjúkraskrá var hleypt af stokkunum.

Vegna COVID-19 voru gefin út tíu heilræði á tímum kórónuveru og góð ráð til foreldra á tímum COVID-19 faraldursins í samstarfi við heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið.



Magnús Stefánsson bæjarstjóri og Alma D. Möller landlæknir lyfta fána Suðurnesjabæjar - Heilsueflandi samfélags í janúar 2020.

[Lýðheilsuvísar](#) eftir heilbrigðisumdæmum voru gefnir út og [kynntir](#) í fimmta sinn um mitt ár 2020. Samhliða útgáfu lýðheilsuvísu voru gefnar út ítarlegar skilgreiningar á öllum lýðheilsuvísu frá upphafi. Umfjöllun og rökstuðningur fylgdi vali hvers vísis og útskýrt var mikilvægi þess, að fylgst sé með þessum tiltekna mælikvarða í tengslum við lýðheilsu. Embætti landlæknis tók á árinu þátt í vísindarannsókninni *Líðan þjóðar á tímum COVID-19*, sem framkvæmd var af Háskóla Íslands. Er tilgangur hennar einkum að auka þekkingu á áhrifum heimsfaraldursins á líðan og lífsgæði landsmanna. Rannsóknin er hluti af alþjóðlegu rannsóknarverkefni á þessu sviði.

Í lok árs 2020 bjuggu um 93,5% landsmanna í Heilsueflandi samfélagi (HSAM). Fimm ný sveitarfélög bættust í hópinn og voru þau samtals þrjátíu og fjögur í lok árs.

## UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS

Megináhersla ársins var að klára fyrstu útgáfu gátlista HSAM og vinna að frekari þróun vefkerfisins heilsu-eflandi.is sem var opnað fyrir HSAM sveitarfélögum í september.

Samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra, sem kynnt var embættinu í júní 2020, voru skimanir fyrir krabbameinum fluttar frá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands um áramót 2020/2021. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tók við hlutverki samhæfingarmiðstöðvar, hvað varðar framkvæmd skimana og tók jafnframt að sér framkvæmd leg-hálskrabbameinsskimana. Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri sjá frá sama tíma um framkvæmd brjóstakrabbameinsskimana. Embætti landlæknis tók við því hlutverki að hafa heildaryfirsýn yfir framkvæmd skimana, sjá um almenna upplýsingagjöf um kosti og galla skimana, setja fram gæðavísu og fylgja eftir árangri.

### Mannauður

Í árslok 2020 störfuðu 78 starfsmenn hjá embætti landlæknis í samtals 74 stöðugildum. Þar af voru níu starfsmenn í samtals átta stöðugildum, sem voru í tíma-bundnu starfi við verkefni tengd COVID-19. Auk þess voru 26 starfsmenn með tímavinnusamninga vegna COVID-19 verkefna, t.d. í smitrakningu og svörun fjölmargra fyrir-spurna, sem bárust meðal annars í gegnum vefsíðuna [www.covid.is](http://www.covid.is)

Föstum starfsmönnum embættisins fækkaði um fjóra og stöðugildum um 2,1 frá árinu áður. Starfsmenn í fullu starfi voru 59, en aðrir í lægra starfshlutfalli frá 40-90%. Auk fastra starfsmanna komu verktakar að ýmsum verk-efnum innan embættisins, sérstaklega að hugbúnaðargerð.

Laun og launatengd gjöld voru um 56% af heildargjöldum stofnunarinnar og námu samtals um 1.030 milljónum á árinu.

Meðalaldur starfsmanna var 51 ár, sá yngsti 33 ára og sá elsti 67 ára. Áfram er mikill kynjahalli hjá embættinu, 56 konur starfa þar en 13 karlmenn, þ.e. 81,1% starfsmanna eru konur. Á árinu voru fjögur störf auglýst laus til umsóknar og voru 79% umsækjenda konur og voru konur ráðnar í öll störfin. Auk þess var ráðið í tvö tímabundin störf og voru þeir sem ráðnir voru af sitthvoru kyninu. Í framkvæmdastjórn sitja fjórar konur og þrír karlmenn. Starfsmenn embættisins eru í fjórtán mismunandi stéttar-félögum þar sem Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Fræðagarður eru fjölmennust með 12 starfsmenn, Sam-eyki og Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnar-ráðsins með átta félagsmenn, Læknafélag Íslands með sjö félagsmenn en önnur stéttarfélög eru fámennari.

Veikindahlutfall ársins var 3,66%, sem er lægra en mörg undanfarin ár og eru langtímaveikindi þar talin með.

Embætti landlæknis hefur á að skipa góðu og reynslumiklu starfsfólki, sem hefur fjölbreyttan bakgrunn bæði í menntun og starfi. Mannauður í menntun er mikill og hafa 88% starfsmanna háskólapróf. Þar af eru tólf starfsmenn með doktorsgráðu og 31 starfsmaður með meistaraþróf.

Í stefnumótun embættisins er lögð áhersla á að styðja við öflun þekkingar og viðhald hennar. Í stofnanasamningum á milli embættisins og stéttarfélaganna eru ákvæði um markvissa símenntun.

Hjá embættinu er öflugur símenntunarsjóður og fengu tólf starfsmenn úthlutað úr sjóðnum á árinu. Haldnar eru mál-stofur mánaðarlega um hin fjölbreyttustu efni, starfs-mönnum til ánægju og fróðleiks.

**Verum þakklát fyrir það sem við höfum**

Veitum því góða í lífi okkar athygli og verum þakklát fyrir það sem okkur er gefið.

Gott er að rífa upp þrjú atriði til að þakka fyrir á hverjum degi, til dæmis við matarborðið eða áður en farið er að sofa

Það sem við hugsum um hefur áhrif á það hvernig okkur líður.



**Bądź wdzięczny za to co masz**

Zwracajmy uwagę na dobre rzeczy w naszym życiu i bądźmy za to wdzięczny.

Dobrze jest zanotować trzy dobre rzeczy, za które należy dziękować każdego dnia, przy stole lub przed snem.

To, o czym myślimy, ma bezpośredni wpływ na to, jak się czujemy.



**Be grateful for what you have**

Pay attention to the good things in your life and be grateful for them.

Think of three good things to be thankful for every day, for example at the dinner table or before going to sleep.

Our thoughts have an impact on how we feel.



Heilræði á tímum kórónuveiru. Gefin voru út 10 heilræði á sem byggja á niðurstöðum rannsókna á því hvað er gagnlegt að gera til að hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan.

## UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS

### Vefurinn

Vefurinn landlaeknir.is miðlar upplýsingum, leiðbeiningum og ráðleggingum til almennings og fagfólks. Á árinu var yfirgnæfandi mest lesið af efni sem tengist smit- og sóttvörnum, COVID-19 og bólusetningum en einnig efni, sem flokkast beint undir embættið, þ.e. upplýsingar um starfsfólk, afgreiðslu og skipulag, eyðublöð og fleira. Þar á eftir fylgir gæði og eftirlit. Vefurinn fylgir aðgengis-stefnu fyrir opinbera vefi, til að tryggja aðgengi meðal annars fyrir blinda, sjónskerta og aðra sem þurfa að nota hjálpartæki við lestur efnis og notkun vefja almennt.

Samfélagsmiðlar eru auk þess notaðir til að miðla upplýsingum og fjóraldaðist fylgjendafjöldi á Facebook á árinu. Vef- og samfélagsmiðlastefnu embættisins má finna á vefnum.


Vegna COVID-19 margfaldaðist umferð um vefinn. Stöðugt var sett inn efni og það uppfært, eftir því sem sóttvarnaaðgerðir þróuðust og voru endurmetnar.

Á árinu var settur upp veflesari frá *Readspeaker* og lögð var áhersla á þýðingar, til að koma réttum leiðbeiningum til þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli, bæði með texta og myndrænum hætti.

Nauðsynlegt er fyrir embættið að hefja vinnu við þarfa greiningu fyrir nýjan vef þar sem núverandi vefum-sjónarkerfi er ekki lengur í þróun. Í lok árs hófst upplýsingaöflun og áætlanagerð fyrir verkefnið.

### Tölfræði og umferð um landlaeknir.is

Notkun landlaeknir.is margfaldaðist á árinu og voru notendur árið 2020 samtals 993 þúsund samanborið við 240 þúsund árið á undan. Af þeim voru um 62% staðsett á Íslandi en heimsóknir á síðuna komu frá yfir 200 ríkjum.



Mynd 1. Heildarfjöldi einstaklinga sem notuðu landlaeknir.is 2016-2020

Að meðaltali heimsóttu 82.744 notendur vefinn 153.327 sinnum í hverjum mánuði. Síðuflettingar voru að meðaltali 322.184 á mánuði samanborið við 95.870 árið á undan. Flestir notendur eru á aldrinum 25-34 ára eða 31%. Konur eru í meirihluta eða 56,6%.

### Undirvefir og tengd vefsvæði

Embætti landlaeknis rekur nokkra undirvefi og vefsvæði, s.s. boluefni.is, hreyfitorg.is, influenza.is, skaf.is, skraargat.is, sykurmagn.is og tobaks- og rafrettulaus bekkur. Auk ofangreindra vefja og vefsvæða eru starfræktar síður á Facebook um einstök verkefni hjá embættinu, s.s. Heilsuefandi leik-, grunn- og framhaldsskóla, Heilsuefandi samfélag og Ráðleggingar um mataræði, auk síðu um bólusetningar og önnur viðfangsefni sóttvarna.

### Covid.is

Í samstarfi við almannavarnir var vefurinn Covid.is settur í loftið þann 13. mars 2020. Fyrstu fjóra dagana heimsóttu 236.000 einstaklingar tölfræðisíðu vefsins. Vefur embættis landlaeknis var skilgreindur sem uppspretta fagupplýsinga en

einnig var tengt á upplýsingar á vefjum annarra aðila.

Tilgangur covid.is er að veita almennar, skýrar og einfaldar upplýsingar um COVID-19. Upplýsingateymi almannavarna skrifaði efni fyrir síðuna og uppfærði í samstarfi við sérfræðinga embættis landlaeknis og fleiri aðila.

Settur var upp veflesari frá *Readspeaker* og lögð áhersla á þýðingar og myndrænt efni til að koma réttum leiðbeiningum til þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

Sett var upp netspjall á covid.is, til að svara öllum þeim fjölda fyrirspurna, sem bárust embættinu og almannavörnum.

### Tölfræði covid.is

Að meðaltali heimsóttu rúmlega 260.000 manns covid.is, í hverjum mánuði á árinu og voru mánaðarlegar síðuflettingar samtals 2.040.000. Tölulegar upplýsingar voru mest lesnar eða 26% af efni covid.is



Vefurinn covid.is var settur í loftið 13. mars

## Aðaláherslur 2019–2020

Úr Starfsáætlun Embættis landlæknis 2019–2020

Stuðla að auknu öryggi og umbótum í heilbrigðiskerfinu	Hvetja og styðja við heilsueflingu	Vöktun og viðbrögð sóttvarna	Markvisst innra starf í samræmi við aðaláherslur EL
<b>Áætlun</b>	<b>Áætlun</b>	<b>Áætlun</b>	<b>Áætlun</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla gæði og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu</li> <li>Auka notkun og miðlun gagna til ráðgjafar og eftirlits</li> <li>Áframhaldandi þróun og innleiðing sam- tengdrar rafrænnar sjúkraskrár og Heilsuveru</li> <li>Stuðla að ábyrgri notkun lyfja</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Styðja sveitarfélög, skóla, vinnustaði og heilsugæslu í heilsueflandi starfi og tengja við Heimsmarkmið SP</li> <li>Leggja áherslu á heildstætt mat á heilsueflandi starfi</li> <li>Miðla upplýsingum um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu</li> <li>Styðja heilsueflandi starf með viðeigandi gögnum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum, miðlun þeirra og áhættumati</li> <li>Bregðast við heilbrigðisögnum með viðeigandi hætti</li> <li>Virkja heilsugæslu í útfærslu sóttvarna</li> <li>Gerð og innleiðing viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurspegla ábyrgð, virðingu og traust í starfi embættisins</li> <li>Þróa rafræna stjórnáætlun hjá embættinu</li> <li>Innleiða straumlínustjórnun</li> <li>Innleiða öryggis- og gæðastjórnun</li> <li>Vinna markvisst að innleiðingu GDPR</li> <li>Vinna að því að embættið verði heilsueflandi vinnustaður</li> </ul>
<b>Aðgerðir</b>	<b>Aðgerðir</b>	<b>Aðgerðir</b>	<b>Aðgerðir</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>Innleiða áætlun um gæðapróun</li> <li>Fjölga úttektum</li> <li>Ljúka innleiðingu á samtengdri sjúkraskrá hjá stærri rekstraraðilum</li> <li>Innleiða Heilsuveru á sjúkrahúsum og hjá stærri rekstraraðilum</li> <li>Móta heilbrigðisupplýsingastefnu</li> <li>Undirbúa miðlæga sykursýkisskrá</li> <li>Kostnaðargreina miðlæga tannheilsuskrá</li> <li>Velja og birta lykilverka um árangur heilbrigðisþjónustu í alþjóðlegum samanburði</li> <li>Gefa út stefnu og áherslur í lyfjaeftirliti</li> <li>Innleiða samræmda atvikaskráningu fyrir allt landið</li> <li>Endurskoða og innleiða reglur um biðlista á landsvísu og afla gagna í rauntíma</li> <li>Fylgja eftir niðurstöðum úttektar á RAI heilsumati og Færni- og heilsumati</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innleiða lýðheilsumat</li> <li>Úrvinnsla og miðlun upplýsinga úr Heilsu og líðan og vöktun áhrifabátta</li> <li>Virkja upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsueflingu og forvarnir</li> <li>Miðla lýðheilsuvísam á mismunandi svæði og styðja við notkun</li> <li>Hefja framkvæmd á landskönnun á mataræði</li> <li>Halda námskeið í heilbrigðisumdæmum fyrir starfsfólk heilsugæslu og félagsþjónustu</li> <li>Innleiða gátlista fyrir heilsueflandi samfélag, vinnustaði og skóla á <a href="http://www.heilsueflandi.is">www.heilsueflandi.is</a></li> <li>Vinna að auknu heilsulæsi</li> <li>Stýra verkefninu fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndum</li> <li>Fylgja eftir aðgerðaáætlun um sjálfsvígsforvarnir</li> <li>Undirbúa og halda norrænu lýðheilsuráðstefnuna 2020</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Auka rafrænan flutning gagna og bæta gagnavinnslu um tilkynningaskylda og skráningarskylda sjúkdóma</li> <li>Mennta og fræða umdæmislækna og heilbrigðisstarfsfólk í sýkingavörnum</li> <li>Forgangsráða innleiðingu viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir</li> <li>Vinna með heilsugæslunni að aukinni þátttöku í bólusetningum</li> <li>Auka þverfaglega samvinnu um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi</li> <li>Vinna með læknum að skynsamlegri notkun sýklalyfja</li> <li>Bregðast við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna markvisst með gildi embættisins í daglegu starfi</li> <li>Gera könnun á trausti almennings til embættisins</li> <li>Þróa og straumlínulaga rafræna ferla tengda starfsleyfum og rekstarleyfum</li> <li>Ljúka fasa II og III í innleiðingu GDPR og koma á virku eftirliti með því að persónuverndarlögum sé fylgt.</li> <li>Greina ferla og innleiða verkfæri, verklag og kennslu varðandi straumlínustjórnun</li> <li>Uppfæra gæða- og öryggishandbók EL</li> <li>Meta árangur af aðgerðum EL og gera hann sýnilegan</li> <li>Setja fjölmiðlastefnu</li> <li>Innleiða jafnlaunavottun og jafnréttisvísi</li> <li>Vinna samskiptasáttmála</li> <li>Vakta vinnuálag starfsmanna EL tvisvar á ári</li> <li>Bæta húsnæði embættisins</li> </ul>

## EFTIRLIT OG GÆÐI HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Embætti landlæknis hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum.

### Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu

Ein af fjórum aðaláherslum í starfsáætlun embættis landlæknis 2019-2020 er að *stuðla að auknu öryggi og umbótum í heilbrigðiskerfinu*. Einn liður í starfsáætluninni er að *efla gæði og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu*. Svið eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu ber meginábyrgð á framkvæmd þessa liðar starfsáætlunarinnar, t.d. með eftirliti með heilbrigðisstarfsmönnum, heilbrigðisstofnunum og eftirliti með lyfjaávisunum.

Árið var annasamt hjá sviðinu. Málum fjölgaði í sem næst öllum málaflokkum, t.d. kvörtunum vegna heilbrigðisþjónustu og tilkynningum um rekstur í heilbrigðisþjónustu. Því hefur tími málsmeðferðar lengst meira en góðu hófi gegnir, auk þess sem forgangsraða þarf verkefnum. Kappkostað er að halda málsaðilum upplýstum um það. Þá þurfti starfsfólk sviðsins, eins og alls embættisins, að sinna fjölda verkefna sem tengjast heimsfaraldri COVID-19, m.a. smit-rakningu í fyrstu bylgju og fylgjast með álagi og stöðu heilbrigðisstofnana. Árið 2020 var unnið að gerð verkbókhalds, sem væri til þess fallið að halda utan um fjölbreytt verkefni sviðsins og auðvelda samantekt tölulegra upplýsinga.

### Kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu


Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 er heimilt að beina formlegri kvörtun til landlæknis ef talið er að vanræksla eða mistök hafi átt sér stað við veitingu heilbrigðisþjónustu eða framkoma heilbrigðisstarfsmanna hafi verið ótilhlýðileg. Gerður er greinarmunur

á kvörtun vegna veittrar heilbrigðisþjónustu og athuga-semdum almennings við þjónustu heilbrigðisstofnana sbr. 28. gr. laga um réttindi sjúklunga, nr. 74/1997. Kvartanir eru unnar í samræmi við stjórnsýslulög og er málsmeðferð oft þung og tafsöm enda oft um afar flókin mál að ræða.


Kvörtunum einstaklinga og aðstandenda hefur fjölgað um 75% á fimm ára tímabili. Að meðaltali fjölgar kvörtunum um 16% á milli ára. Sjá mynd 2.

### Óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu

Samkvæmt 10. gr. laga um landlækni og lýðheilsu ber þeim er veita heilbrigðisþjónustu að tilkynna án tafar til embættis landlæknis um óvænt atvik, sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegum örkuhlum. Embætti landlæknis rannsakar öll slík tilkynnt alvarleg atvik, með það að markmiði að draga af þeim lærdóm, leita úrbóta og tryggja þannig að slík atvik eigi sér ekki aftur stað. Skráðum alvarlegum óvæntum atvikum hefur fjölgað stöðugt síðastliðin ár og voru þau 60 árið 2020 en voru 53 árið 2019. Sjá mynd 3. Líklega er hér um bættu skráningu á atvikum að ræða vegna vitundarvakningar en ekki raunaukningu á óvæntum alvarlegum atvikum en þó er ekki hægt að fullyrða um það. Dæmi um atvik, sem embætti landlæknis hafði til rannsóknar á árinu 2020, eru andlát í kjölfar byltu, andlát eða alvarlegir fylgikvillar í kjölfar aðgerðar eða meðferðar, sjálfsvíg og atvik tengd lyfjaávisunum og lyfjagjöfum. Flest alvarleg óvænt atvik, sem tilkynnt hafa verið til embættisins, hafa átt sér stað á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum.



Mynd 2 : Kvartanir einstaklinga eða aðstandenda skv. 12. gr. laga nr. 41/2007



Mynd 3: Fjöldi tilkynninga um alvarleg atvik til embættis landlæknis árin 2016-2020

## EFTIRLIT OG GÆÐI HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Árið 2020 voru 10.535 óvænt atvik skráð í íslenski heilbrigðisþjónustu skv. 9. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, eða svipaður fjöldi og árið 2019 (10.612). Með óvæntu atviki er átt við óhappatílik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. Algengustu skráð óvænt atvik á heilbrigðisstofnunum á landinu öllu árið 2020 voru byltur/föll, alls 5.343 talsins (50,72% skráðra atvika). Önnur algeng skráð atvik tengdust lyfjameðferð, eða samtals 1.502 talsins á landsvísi (14,26% skráðra atvika).

Tafla 1. Heildarfjöldi skráðra óvæntra atvika á öllum heilbrigðisstofnunum 2020

Allar heilbrigðisstofnanir (nema LSH og SAK)	5.570
Landspítali (LSH)	4.549
Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)	416
<b>Samtals</b>	<b>10.535</b>

### Úttektir og eftirlit með heilbrigðiskerfinu

Frumkvæðisúttektum á heilbrigðisstofnunum fækkaði á árinu vegna heimsfaraldurs COVID-19. Eigi að síður var farið í tíma- og mannaflafrekar úttektir vegna alvarlegs atviks sem Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands tilkynnti til embættis landlæknis og vegna COVID-19 hópsmits á Landakoti. Fyrri úttektinni lauk að mestu á árinu en úttektarskýrsla hafði ekki verið gefin út í árslok. Seinni úttektin hófst í nóvember og stóð enn yfir í árslok. Þá var úttektum á hjúkrunarheimilunum Skógarbæ og Skjólí fylgt eftir og út kom skýrsla um úttekt á Heilbrigðisstofnun Austurlands, sem gerð hafði verið árið áður. Loks voru gerðar úttektir á stöðu heilbrigðisþjónustunnar í fyrstu

bylgju COVID-19 faraldursins þ.e. á stærstu heilbrigðisstofnunum landsins, hjúkrunarheimilum og sjúkraflutningum á tímabilinu 21. mars – 15. maí 2020.

### Áætlun um gæðapróun

Samkvæmt innleiðingaráætlun *Áætlunar um gæðapróun* átti fyrsta innköllun gæðauppgjöra að fara fram fyrri hluta ársins, en faraldurinn setti strik í reikninginn. Því var fyrsta innköllun gerð í september en þá var kallað eftir uppgjörum frá 27 veitendum heilbrigðisþjónustu. Þá tafði faraldurinn vinnu við rýni, áhættumat og endurgjöf til viðkomandi veitenda, sem var þó gert að einhverju leyti á árinu.

Með minnisblaði landlæknis til heilbrigðisráðuneytisins í september var gerð grein fyrir mikilvægi þess að setja kraft í að innleiða áætlunina þar sem líklegt er að notkun hennar verði til þess að bæta gæði, öryggi og framþróun íslenskrar heilbrigðisþjónustu.

### Starfsleyfi og rekstrarleyfi heilbrigðisstarfsmanna

COVID-19 hafði ófyrirséðar afleiðingar í för með sér varðandi útgáfu starfsleyfa heilbrigðisstarfsmanna. Þegar óskað var eftir því að heilbrigðisstarfsmenn skráðu sig í bakvarðasveitir vegna COVID-19 komu í ljós dæmi þess að ekki höfðu allir, sem lokið höfðu námi, sótt um starfsleyfi. Upp kom lagaleg óvissa um hvað þyrfti til að gefa mætti út starfsleyfi á grundvelli náms, sem lauk löngu áður en sótt var um starfsleyfið. Greitt var úr þessari óvissu með úrskurði heilbrigðisráðuneytisins. Meiri vinna er fólgin í mati á slíkum umsóknum en þegar sótt er um í beinu framhaldi af námslokum.



Á árinu tók sviðið við nýjum verkefnum sem tengjast starfsleyfum heilbrigðisstarfsmanna og nýr starfsmaður var ráðinn til að sinna þeim verkefnum.

Heimsfaraldur COVID-19 hafði víðtæk áhrif, sem komu meðal annars fram í miklum fjölda umsókna um veitingu fjarheilbrigðisþjónustu. Við afgreiðslu þeirra komu upp álitamál, sem leiddu til þess að afgreiðsla tafðist. Jafnframt kom í ljós að ekki höfðu allir tilkynnt rekstur heilbrigðisþjónustu, né breytingar á rekstrinum, sem skylt er að gera

samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Staðfesting embættis landlæknis um að rekstur uppfylli faglegar lágmarkskröfur þarf að liggja fyrir áður en starfsemi heilbrigðisþjónustu hefst.

Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum sem ætlað er að auðvelda utanumhald erinda og afgreiðslu þeirra. Þá var einnig unnið að undirbúningi veflausna sem auðvelda munu samskipti milli embættisins og þeirra sem þangað leita með formleg erindi. Um er að ræða vefgáttir, vefeyðublöð, rafræn innsigli, rafrænar undirskriftir, sendingu skjala með öruggum rafrænum hætti og fleira. Þess er vænst að þessar lausnir komi til framkvæmda á árinu 2021 og muni að nokkru leyti flýta fyrir afgreiðslu mála. Þá var starfsleyfaskrá embættis landlæknis birt á heimasíðu embættisins. Birting skrárinnar hefur margvíslegt hagræði í för með sér, einkum fyrir heilbrigðisstofnanir og aðra sem ráða heilbrigðisstarfsmenn til starfa.

## EFTIRLIT OG GÆÐI HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

### Eftirlitsmál

Eitt af meginhlutverkum embættis landlæknis er að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum, sem og að hafa eftirlit með lyfjaávísunum. Tilgangur rannsóknar og málsmeðferðar embættisins í eftirlitsmálum miðar að því að tryggja gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu. Hafi misbrestur orðið á veitingu slíkrar þjónustu er metið hvort tilefni sé til frekari eftirfylgni, leiðbeininga, eða eftirlitsúr-ræða í samræmi við III. kafla laga um landlækni og lýðheilsu. Viðurlagaúrræðin gagnavart einstökum starfsmönnum geta verið tilmæli, áminning, takmörkun starfsleyfis (t.d. takmörkuð heimild til ávísunar lyfja) og svipting starfsleyfis. Embætti landlæknis getur einnig krafist þess að heilbrigðisstarfsmaður gangist undir rannsókn sérfræðinga telji hann það nauðsynlegt til að meta hvort hann sé hæfur til að gegna starfi sínu. Oftast er efnt til eftirlitsmáls í kjölfar ábendingar til embættisins, kvörtunar vegna heilbrigðisþjónustu eða alvarlegs óvænts atviks í heilbrigðisþjónustu. Einnig getur komið til þessa vegna eftirlits með starfsemi heilbrigðisstarfsmanns eða heilbrigðisstofnunar, sem og vegna eftirlits með lyfjaávísunum á grundvelli lyfjagagnagrunns embættis landlæknis. Hið sama getur átt við ef heilbrigðisstarfsmaður er dæmdur til refsingar hvort sem er vegna


brota á lögum sem varða heilbrigðisþjónustu eða öðrum lögum.

Eftirlitsmáli getur lokið án viðurlaga teljist ekki forsendur til þeirra að lokinni rannsókn hjá embættinu. Til dæmis getur verið um það að ræða að upplýsingar reynist rangar, að ekki sé ástæða til viðurlaga eða að ekki er sýnt fram á réttmæti viðurlaga.

Sæti heilbrigðisstarfsmaður takmörkun eða sviptingu starfsleyfis getur hann sótt um afléttingu takmarkana og endurveitingu starfsleyfis, teljist ekki lengur eiga við það sem leiddi til takmörkunar eða sviptingar starfsleyfisins. Hið sama á við um takmörkun eða sviptingu á heimild til ávísunar lyfja.

Frá 2016 til 2020 var viðurlagaúrræðum beitt gagnvart heilbrigðisstarfsmönnum í tólf heilbrigðisstéttum.

Fleiri eftirlitsmál\* komu upp á árinu 2020 en fyrri ár\*\*, alls 51 mál. Tíu þessara mála lauk á árinu 2020.



Mynd 4: Fjöldi stofnaðra eftirlitsmála á ári 2016 - 2020

Á mynd 4 sést fjöldi eftirlitsmála sem stofnuð voru frá 2016-2020, auk þess sem fram kemur hve mörgum málum var ólokið í árslok 2020.

Á sama tímabili afsöluðu átta heilbrigðisstarfsmenn sér starfsleyfi sínu í samræmi við 16. gr. laga um landlækni og lýðheilsu.

Embætti landlæknis bregst einnig við ef lögverndað starfsheiti heilbrigðisstéttar er notað án þess að viðkomandi hafi starfsleyfi landlæknis. Um misskilning eða mistök getur verið að ræða, t.d. að starfsheiti er tilgreint án vitundar og samþykkis viðkomandi. Einnig eru dæmi um að þeir sem lokið hafa tilskilinni menntun tilgreini sig með starfsheiti heilbrigðisstéttar án þess að hafa fengið starfsleyfi hjá landlækni. Tilvik um slíkt komu til dæmis upp þegar starfsleyfaskrá embættis landlæknis var birt á heimasíðu embættisins í maí 2020.

Tafla 2: Á árunum 2016-2020 lauk eftirlitsmálum með eftirfarandi hætti:\*\*\*

	Án viðurlaga	Tilmæli	Áminning	Takmörkun starfsleyfis	Svipting starfsleyfis
2016	8	7	4	1	3
2017	10	1	1	0	1
2018	14	2	2	0	0
2019	20	3	5	0	0
2020	14	2	3	1	4

\* Hér er átt við mál sem stofnað er til á hendur heilbrigðisstarfsmanni þegar ástæða er talin til rannsóknar sem leitt gæti til beitingar viðurlagaúrræða.

\*\*Ekki liggja fyrir tölur frá því fyrir árið 2016.

\*\*\* Hér er vísað til þess árs sem eftirlitsmáli lauk, óháð því hvaða ár það var stofnað.

# SÓTTVARNIR

## Starfsáætlun 2020. Aðaláherslur

Samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 þá felast ábyrgð og starfsskyldur sóttvarnalæknis einkum í:

- Vöktun ýmissa smitsjúkdóma, eiturefna, geislavirkra efna og óvæntra atburða sem ógnað geta almannaheill með bráðum hætti.
- Úrvinnslu og greiningu upplýsinga ofangreindra sjúkdóma.
- Opinberum viðbrögðum við ofangreindum sjúkdómum (sóttvarnaráðstöfunum).
- Að fylgjast með notkun sýklalyfja og sýklalyfjaónæmi.
- Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt.
- Að vera tengiliður við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) um málefni er snerta alþjóðaheilbrigðisreglugerðina sem tók gildi hér á landi 15.6.2007 og er bindandi sáttmáli aðildarþjóða WHO.
- Að vera landstengiliður við Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) og Heilbrigðisöryggisnefnd ESB (HSC).

Á árinu var lögð áhersla á fimm meginþætti í starfsemi sóttvarnasviðs:

- Viðbrögð gegn heimsfaraldri COVID-19
- Tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um smitsjúkdóma og áhættumat
- Bregðast við heilbrigðisógnum með viðeigandi hætti
- Virkja heilsugæslu í útfærslu sóttvarna
- Endurskoða viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar um sóttvarnir

Áherslum var fylgt eftir með eftirfarandi aðgerðum:

### 1. Að tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum, miðlun þeirra og áhættumati.

Samkvæmt reglugerð nr. 221/2012 sbr. (breytingu nr. 816/2012) sem byggir á sóttvarnalögum ber sóttvarnalækni að halda skrá um 60 tilkynningarskylda og 40 skráningarskylda sjúkdóma og atvik. Upplýsingar um þessa sjúkdóma berast til sóttvarnalæknis eftir þremur meginleiðum:

1. Frá rannsóknarstofum Landspítala (LSH) í sýkla- og veirufræði.
2. Frá meðhöndlandi læknum.
3. Úr sjúkraskýrslum heilbrigðisstofnana.

Sóttvarnalæknir miðlar samkvæmt sömu lögum upplýsingum um tilkynningarskylda og skráningarskylda sjúkdóma til innlendra og erlendra samstarfsstofnana, til heilbrigðisyfirvalda og til almennings.

Áhersla var lögð á að koma í gagnið rafrænum uppfærslum klínískra tilkynninga lækna. Meðhöndlandi lækna þurfa í dag að senda sóttvarnalækni klínískar tilkynningar með faraldsfræðilegum upplýsingum um sjúklinga sem greindir eru með tilkynningarskylda sjúkdóma. Miklar vonir eru bundnar við rafrænt fyrirkomulag sendinganna. Sú vinna stendur enn yfir vegna seinkunar sem varð vegna COVID-19.



Upplýsingafundur með fjölmiðlum vegna COVID-19 voru haldnir reglulega frá 26. febrúar 2020. Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra, Pórolfur Guðnason, sóttvarnalæknir, og Alma D. Möller, landlæknir.

Vegna heimsfaraldurs COVID-19 fór fram umfangsmikil upplýsingamiðlun, m.a. í gegnum reglulega upplýsingafundi sóttvarnalæknis og almannavarna, vef embættis landlæknis og upplýsingavefinn covid.is.

[Farsóttufréttir](#) komu rafrænt út fjórum sinnum á árinu 2020 en í þeim eru birtar upplýsingar um mikilvægustu málefni sóttvarna sem uppi eru á hverjum tíma. Samhliða voru Farsóttufréttir gefnar út þrisvar sinnum rafrænt á ensku undir heitinu [EPI-ICE](#).

Sóttvarnalæknir gefur út ítarlega [farsóttaskýrslu](#) á hverju ári en í henni má fá ítarlegt yfirlit yfir faraldsfræði ýmissa smitsjúkdóma og aðra sjúkdóma sem til sóttvarna heyra og aðra starfsemi sem innt er af hendi á sóttvarnasviði.

### Unnið með heilsugæslunni að aukinni þátttöku í bólu-setningum

Bólusetningar við hlaupabólu hófust í almennum bólu-setningum barna á vormánuðum 2020 (mars/apríl). Afar mikil þátttaka var í almennum influensu bólusetningum og hafði aldrei meira selst af influensubóluefni, þótt aukið hafi verið við samningsbundið magn.

## SÓTTVARNIR

Í reglugerð nr. 387/2015 er kveðið á um tilnefningu yfir-lækna heilsugæslustöðva á Íslandi sem skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir stjórn sóttvarna-læknis. Sjö yfirlæknar heilbrigðisumdæma eru skipaðir umdæmislæknar sóttvarna og þeim til aðstoðar eru heilsu-gæslulæknar skipaðir sem svæðislæknar sóttvarna. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að virkja heilsugæsluna betur við útfærslu sóttvarna og skapa þannig möguleika á markvissari meðferð við að hefta útbreiðslu hættulegra smitsjúkdóma í samfélaginu.

Á árinu varð mikil aukning á samstarfi við umdæmis- og svæðislækna sóttvarna og heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Vonumst við til að búa að því til frambúðar.

### Fundir og fræðsla

Vegna COVID-19 voru haldnir reglulegir stöðufundir í fjarfundabúnaði með fulltrúum sóttvarnaumdæma, lög-reglunni og sérfræðingum bæði innanlands og utan.

Á árinu féllu niður allir fundir, sem haldnir hafa verið árlega hér á landi, þar má nefna Sóttvarnadaginn, Fræðsludag um bólusetningar barna og árlega norræna ráðstefnu um heilbrigðisviðbúnað.

## 2. Skráningar- og tilkynningarskyldir sjúkdómar

Í sóttvarnalögum nr. 19/1997 er kveðið á um að sóttvarna-læknir sé ábyrgur fyrir opinberum og almennum sóttvarnaaðgerðum vegna smitsjúkdóma, eiturefna, geisla-virkra efna og óvæntra atburða, sem ógnað geta almanna-heill. Í stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggis-málum frá 2015 er kveðið á um að gerð viðbragðsáætlana um sóttvarnir sé í höndum sóttvarnalækna og eru þær áætlanir hluti af almannavarnakerfinu á Íslandi. Sóttvarna-

læknir er fulltrúi embættis landlæknis í þjóðaröryggisráði en landlæknir er varamaður. Sjá lög nr. 98/2016.

Í lögum um almannavarnir nr. 82/2008 er kveðið á um ábyrgð og skyldu einstakra ráðuneyta og undirstofnana þeirra að semja viðbragðsáætlanir í samræmi við lög sem um starfsvið þeirra gilda í samvinnu við ríkislögreglu-stjóra.

Á árinu var lögð áhersla á áframhaldandi fræðslu um sýkingavarnir til umdæmislækna og heilbrigðisstarfsfólks og að bregðast við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma.

### Viðbrögð gegn heimsfaraldri COVID-19

Þann 28. febrúar 2020 greindist fyrsta kórónuveirusmitið hér á landi en þá hafði sóttvarnasvið fylgst grannt með þróuninni sem átti sér stað vegna veirunnar. Sjá fyrstu frétt á vef [13. janúar](#). COVID-19 faraldurinn átti eftir að hafa umfangsmikil áhrif, raskaði ýmsu í reglubundnu starfi sóttvarnasviðs og hliðraði framþróun frá því sem var áætlað. Þann 6. mars 2020 lýsti ríkislögreglustjóri yfir neyðarstigi almannavarna í samráði við sóttvarnalækni vegna sýkinga af völdum kórónuveiru, COVID-19.

Unnið var eftir viðbragðsáætlun um sóttvarnir hér á landi og lagðist allt starfsfólk á eitt við að bregðast við faraldrinum, leiðbeina og miðla upplýsingum um alla þætti hans. Unnið var náið með almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og tóku starfsmenn af öðrum sviðum embættis landlæknis jafnframt þátt með margvíslegum hætti. Mikil aukning varð á samstarfi við umdæmis- og svæðislækna sóttvarna og heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.

### Á meðal verkefna sóttvarnasviðs vegna COVID-19:

- Daglegt mat og vöktun innanlands og utan í samstarfi við sérfræðinga.
- Tillögur til heilbrigðisráðherra um opinberar sóttvarna-ráðstafanir.
- Breytingar á samkomutakmörkunum: Unnið var með ýmsum hagsmunaðilum, stofnunum og ráðuneytum.
- Útgáfa og uppfærsla leiðbeininga fyrir vef.
- Samstarf varðandi snemmgreiningu, einangrun, smit-rakningu og beitingu sóttkvíar.
- Umsjón með afgreiðslu hlífðarbúnaðar af neyðarlagar sóttvarnalækni til heilbrigðisstarfsfólks og viðbragðs-aðila.
- Lokið við uppfærslu smittrakningarskrár.
- Útgáfa og uppfærsla leiðbeininga.
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.
- Evrópsk og alþjóðleg vöktun: T.d. ECDC og WHO (ýmsir smitsjúkdómar).
- Svörun fyrirspurna sem bærust með fjölbreyttum leiðum.
- Reglulegir upplýsingafundir og upplýsingamiðlun í gegnum covid.is með almannavarnadeild ríkislögreglu-stjóra.
- Upplýsingamiðlun til umdæmis- og svæðislækna sótt-varna, heilbrigðisstarfsfólks, framlínustarfsfólks o.fl.
- Ráðgjöf til Covid göngudeildar: Leiðbeiningar um einangrun, sóttkví tengdra aðila o.fl.
- Samstarf við þróun og uppsetningu forskráningarkerfis á landamærum.

## SÓTTVARNIR


- Samstarf við gerð verklags vegna skimunar á landamærum: Einföld og tvöföld skimun, heimkomusmitgát, heimasóttkví. Unnið í samhæfingarteymi ásamt lögreglunni í Keflavík, Isavia, ráðuneytum (HRN, DMR, UTN, FOR), Samgöngustofu og fleiri aðilum.
- Unnið með smitrakningateymi.
- Gerð vottorða vegna COVID-19 á Heilsuveru og á landamærum.
- Undirbúningur og skipulagning bóluasetninga gegn COVID-19, í samstarfi við tengda aðila.

### 3. Viðbragðsáætlanir uppfærðar og endurútfærnar

Á árinu voru gefnar út endurskoðaðar viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar um sóttvarnir. Þar á meðal var í maí gefin út uppfærð útgáfa viðbragðsáætlunar vegna heimsfaraldurs og í janúar kom út uppfærð [Landsáætlun CBRNE—Lýðheilsa](#) að lokinni innleiðingu sem fólst í kynningarfundum og skrifborðsæfingum í öllum lögregluumdæmum.

Viðbragðsáætlun CBRNE er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða þegar grunur vaknar um atvik af völdum eiturfefna, sýkla (veira, baktería, sveppa, sníkjudýra), geislunar, kjarnorku eða sprengiefna, sem ætla má að geti leitt til lýðheilsuógnar. Fyrsta útgáfa var gefin út þrátt fyrir að innleiðingarferli væri ekki hafð. Önnur útgáfa var nokkuð breytt frá þeirri fyrstu, en þá höfðu allar aðgerðastjórnir á landinu fengið tækifæri til að koma með ábendingar.

[Handbókin](#) var gefin út á prenti í maí 2020 og henni dreift, í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, samkvæmt dreifingaráætlun til viðbragðsaðila.



„Að fletja kúrvuna“. Með sameiginlegu átaki þjóðarinnar tókst að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar.

### 4. Skynsamleg notkun sýklalyfja og þverfagleg samvinna um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi

Undanfarin ár hefur mikil alþjóðleg umræða átt sér stað um þá hættu sem stafar af vaxandi tíðni og dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería. Alþjóðlegar stofnanir á borð við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) og Evrópusambandið hafa sett saman þverfaglega starfshópa sérfræðinga í heilbrigði manna, dýra og matvælaframleiðslu til þess að stemma stigu við þessum vanda, í anda stefnu „einnar heilsu“ (e. *One Health*). Ljóst er að þetta málefni verður áberandi á næstu árum enda er þörf á samhæfðu átaki á heimsvísu og þvert á sérfræðigreinir. Starfshópur heilbrigðisráðherra skilaði [tillögum sínum um aðgerðir hér á landi til að stemma stigu við sýklalyfjaónæmi](#) á árinu 2017.

Áhersla er lögð á að vinna með læknum að skynsamlegri notkun sýklalyfja og varð á árinu nokkur samdráttur á notkun sýklalyfja á landsvísu, fyrst og fremst vegna færri

ávísana utan sjúkrastofnana. Einnig virtist vera áframhaldandi aukning á tíðni baktería sem mynda breiðvirka beta-laktamasa.

Nánar verður gerð grein fyrir þessari þróun í árlegri skýrslu sóttvarnalæknis um sýklalyfjanotkun og -ónæmi árið 2019 en útgáfa hennar tafðist fram til ársins 2021 vegna COVID-19 faraldurs.

Á árinu 2020 hélt áfram samvinna sóttvarnalæknis við heilsugæsluna og Félag íslenskra barnalækna sem miða að því að auka skynsamlega notkun sýklalyfja hér á landi. Unnin var samantekt á notkun sýklalyfja hjá heimilis- og barnalæknum, þar sem var safnað upplýsingum um fjölda ávísana og mynstur notkunar fyrir hópana og ávísanir einstakra lækna bornar saman við árið á undan. Niðurstöður leiddu í ljós að ávísanir drógust saman, bæði hjá barnalæknum og heimilislæknum. Hlutfall ávísana á breið- og þröngvirk sýklalyf var óbreytt. Vegna COVID-19 faraldursins var nauðsynlegt að gera hlé á verkefninu.


## HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

### Vöktun heilbrigðisþjónustu og lýðheilsu á tímum COVID-19

Frá því fyrsta bylgja COVID-19 faraldursins skall á í lok febrúarmánaðar 2020, hefur embætti landlæknis fylgst sérstaklega náið með tilteknum þáttum í starfsemi heilbrigðisþjónustunnar. Rafrænar heilbrigðisskrár embættisins, sem innihalda raunatímagögn, hafa reynst mjög gagnlegar við þessa vöktun og gert kleift að fylgjast með stöðunni þannig að hægt væri að bregðast við aðstæðum hverju sinni. Gögn úr vistunarskrá heilbrigðisstofnana, samskiptaskrá heilsugæslunnar og úr lyfjagagnagrunni reyndust þannig mjög dýrmæt við að greina starfsemi heilbrigðisþjónustu á tímum heimsfaraldurs. Til þess að ná utan um alla starfsemi heilbrigðisþjónustunnar var einnig rýnt í tölur frá Sjúkratryggingum Íslands um þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og tannlækna auk sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara.

Fylgst var með samskiptum við heilsugæslu, innlögnum og komum á sjúkrahús, bæði vegna COVID-19 og annarra tiltekinnna sjúkdóma, tilteknum skurðaðgerðum á sjúkrahúsum, komum til sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og tannlækna auk sjúkraþjálfara, lyfjanotkun landsmanna og loks dánartíðni, bæði almennri og aldursbundinni dánartíðni auk dánartíðni vegna COVID-19. Fjallað var um þessa vöktun í tveimur tölublöðum Talnabrunns, fréttabréfi landlæknis um heilbrigðisupplýsingar, annars vegar í [júlí](#) og hins vegar í [desember](#). Þá má einnig sjá [yfirlit yfir helstu niðurstöður](#) vöktunar á starfsemi heilbrigðisþjónustu árið 2020 á vef embættisins.

Gögn úr heilbrigðisskrám embættis landlæknis og smit-sjúkdómaskrá sóttvarnalæknis hafa jafnframt verið nýtt til



Mynd 5. Útskriftir af öllum sjúkrahúsum landsins eftir vikum, janúar til nóvember 2019 og 2020.

Heimild: vistunarskrá heilbrigðisstofnana.

að fylgjast með framgangi faraldursins, til að meta stærð hópa, sem eru í sérstakri áhættu vegna COVID-19, til að [forgangsráða einstaklingum í bólusetningar, í samræmi við reglugerð](#). Einnig til að fylgjast með tíðni tiltekinna heilsufarsvandamála sem mögulega tengjast bólusetningum. Til þess að gera slíkt kleift þurfti að tengja saman gögn úr mismunandi gagnagrunnum á ábyrgð embættisins. Slík vinnsla persónuupplýsinga er leyfis skyld af hálfu Persónuverndar, sem í ljósi brynnar nauðsynjar sýndi mikla lipurð í afgreiðslu erinda og var samstarf þessara tveggja stofnana mjög gott.

Þá var ennfremur fylgst grannt með lýðheilsu landsmanna á árinu, með mánaðarlegri vöktun á nokkrum helstu áhrifapáttum heilbrigðis og vellíðanar. Voru [gögn lýðheilsuvaktarinnar gerð aðgengileg](#) á vefsíðu embættisins og uppfærð mánaðarlega, til hagnýtingar öllum þeim sem hafa hafa af. Þá var fjallað sérstaklega um vöktun á heilsu og líðan á tímum COVID-19 í tveimur tölublöðum Talna-

brunn, í [september](#) og [nóvember](#), þar sem líðan, streitu, einmanaleika og svefni fullorðinna voru gerð skil auk umfjöllunar um áfengisneyslu, hreyfingu og mataræði.

Starfsmenn á heilbrigðisupplýsingasviði embættis landlæknis tóku einnig þátt í gerð og þróun [spálíkans um líklega þróun COVID-19](#) faraldursins, með vísindafólki frá Háskóla Íslands og Landspítala. Lögð var áhersla á að spá fyrir um þróun hans og áhrif á heilbrigðiskerfið. Niðurstöður spálíkana veittu upplýsingar sem studdu við ákvarðanatöku um takmarkanir og samkomubönn og hjálpuðu einnig almenningi að skilja eðli faraldursins. Heilbrigðisupplýsingasvið miðlaði ýmsum tölfræðiupplýsingum um faraldurinn til vísindahópsins sem stóð að baki líkaninu en einnig leituðu aðrir vísindamenn, bæði innlendir og erlendir eftir faraldsfræðilegum upplýsingum um COVID-19 og var reynt eftir föngum að verða við slíkum beiðnum. Auk þess var talsverð eftirspurn eftir gögnum til vísindarannsókna í tengslum við COVID-19 eins og fram kemur í næsta kafla.

# HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

## Starfsáætlun. Aðaláherslur

### Lýðheilsuvísar 2020 og mælaborð lýðheilsu

[Lýðheilsuvísar](#) eftir heilbrigðisumdæmum voru gefnir út og [kynntir](#) í fimmta sinn um mitt ár 2020. Eru vísarnir safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Þeir eru settir fram til þess að veita yfirsýn og auðvelda heilbrigðisyfirvöldum og sveitarfélögum að greina stöðuna í eigin umdæmi þannig að vinna megi með markvissum hætti að því að bæta heilsu og líðan íbúanna.

Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum eru annars vegar birtir sem pdf-skjöl, eitt skjal fyrir hvert umdæmi og hins vegar í [gagnvirkum mælaborði](#) lýðheilsu þar sem fimmtán vísar eru nú aðgengilegir. Í mælaborðinu má greina þróun í tíma auk þess sem hægt er að greina gögnin eftir kyni, heilbrigðisumdæmunum sjö og níu stærstu sveitarfélögum landsins.



Mynd 6. Mælaborð lýðheilsu

Samhliða útgáfu lýðheilsuvísar 2020 voru gefnar út [ítarlegar skilgreiningar](#) á öllum lýðheilsuvísam frá upphafi, auk umfjöllunar og rökstuðnings fyrir vali hvers vísar og útskýrt mikilvægi þess að fylgst sé með þessum tilteknu mælikvörðum í tengslum við lýðheilsu.


### Þátttaka í rannsókninni Líðan þjóðar á tímum COVID-19

Embætti landlæknis tók á árinu þátt í vísindarannsókninni [Líðan þjóðar á tímum COVID-19](#), sem framkvæmd var af Háskóla Íslands. Er tilgangur hennar einkum að auka þekkingu á áhrifum heimsfaraldursins á líðan og lífsgæði landsmanna. Rannsóknin er hluti af alþjóðlegu rannsóknarverkefni á þessu sviði.

### Ójöfnuður í heilsu

Í ljósi þeirrar ríku áherslu sem lögð hefur hefur verið á jöfnuð, jafnt í íslenski löggjöf og stefnumótun, sem og í alþjóðasamþykktum af ýmsum toga, voru gögn rannsóknarinnar *Heilsa og líðan Íslendinga* greind með tilliti til ójöfnuðar. Niðurstöður þeirrar greiningar voru birtar í skýrslu á vef embættisins [í júní 2021](#).

Í skýrslunni er jafnframt kynnt nýleg greining Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, á ójöfnuði í Evrópu, en niðurstöður þeirrar skýrslu voru kveikjan að gagnagreiningunni hérlendis. Í lokakafli skýrslunnar er fjallað um þær aðgerðir sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkastar til þess að draga úr ójöfnuði.



Mynd 7. Gagnvirk birting lyfjatölfræði

### Lyfjatölfræði

Heilbrigðisupplýsingasvið og svið eftirlits og gæða unnu sameiginlega að því markmiði að auka aðgengi að tölfræðiupplýsingum úr lyfjagagnagrunni. Á árinu 2020 var lokið við að þróa [vefsíðu](#) þar sem hægt er að nálgast tölulegar upplýsingar um allar afgreiddar lyfjaávisanir og heildarmagn afgreiddra lyfja niður á fjórða stig ATC-flokkunarkerfis lyfja. Birting upplýsinga er á gagnvirkum formi, þ.e. hægt er að greina gögn eftir árum, kyni og aldursflokkum. Vefsíðan var sett í loftið í byrjun árs 2021 og hana má finna á [vef](#) embættis landlæknis. Að auki var lyfjanotkun á Íslandi til umfjöllunar í fjórum tölublöðum [Talna-brunns](#), fréttabréfi landlæknis um heilbrigðisupplýsingar á árinu 2020.



## HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

### Skimanir fyrir krabbameinum

Samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra, sem kynnt var embættinu í [júni 2020](#), voru skimanir fyrir krabbameinum fluttar frá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands um áramót 2020/2021. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tók við hlutverki samhæfingarmiðstöðvar hvað varðar framkvæmd skimana og tók jafnframt að sér framkvæmd leghálskrabbameinsskimana. Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri sjá frá sama tíma um framkvæmd brjóstakrabbameinsskimana. Embætti landlæknis tók við því hlutverki að hafa heildaryfirsýn yfir framkvæmd skimana, sjá um almenn upplýsingagjöf um kosti og galla skimana, setja fram gæðavísa og fylgja eftir árangri.

Ráðherra ákvað einnig að Skimunarskrá yrði ein af lögbundnum heilbrigðisskrám landlæknis. Skimunarskrá er heildstætt upplýsingakerfi, sem hefur það hlutverk að styðja við boð í skimun, eftirfylgni og bókanir. Kerfið varðveitir þær upplýsingar. Auk þess eru þar skráðar upplýsingar um skoðanir, rannsóknarniðurstöður og miðlun niðurstaða til einstaklinga og innan heilbrigðiskerfis. Gögn skimunarskrár nýtast til tölfræðigreiningar, m.a. til að meta gæði og árangur starfsins. Fram til þessa hefur skimunarskrá verið rekin af Krabbameinsfélagi Íslands. Skráin er komin nokkuð til ára sinna og er það mat embættis landlæknis að endursmíða þurfi allt kerfið. Hefja sem fyrst að endurgera þá hluta sem brýnast þykir, sem tengjast boði í skimun og samskiptum við önnur kerfi. Endurgerð kerfisins mun taka tíma og ljóst að nýta þarf núverandi skimunarskrá eitthvað áfram. Embætti landlæknis samdi þess vegna um kaup á kerfinu, til þess að nota það fyrst um sinn á meðan unnið

væri að þróun nýs kerfis. Á árinu var undirbúinn flutningur eldra kerfis frá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands til embættis landlæknis og undirbúnar tengingar við nýja þjónustuaðila skimana.

Skimunarskrá mun í framtíðinni gegna margháttuðu hlutverki eins og aðrar heilbrigðisskrár landlæknis. Hún mun styðja við framkvæmd leitarstarfs og nýtast framkvæmdaðilum til þess að hafa yfirsýn yfir starfsemina. Árangur og gæði skimunarskrár nýtast eftirlitsaðila til að fylgjast með sömu þáttum og loks munu gögn hennar nýtast til vísindarannsókna.

### Þyngdarstuðull, þarfavísitala og gæðaviðmið heilsugæslu

Á árinu var unnið að undirbúningi útreikninga vegna nýs fjármögnunarkerfis fyrir heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni en samskonar kerfi hefur verið í gildi fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu síðan 2016. Svokallaðar skuggakeyrslur voru framkvæmdar en þeim er ætlað að þróa og finnstilla fjármögnunarkerfið og voru niðurstöður rýndar mánaðarlega. Reglulegir fundir voru haldnir með heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni þar sem líkanið var kynnt og útreikningar útskýrðir. Hlutverk embættis landlæknis er að reikna út þyngdarstuðul og þarfavísitölu hvernar stöðvar ásamt tilteknum gæðaviðmiðum. Gögn úr samskiptaskrá heilsugæslustöðva og bólusetningaskrá liggja til grundvallar þessum útreikningum.

### Eftirlit með skráningu í heilsugæslu í tengslum við fjármögnunarlíkan

Árið 2019 tók til starfa eftirlitsteymi með framkvæmd fjár-

mögnunarkerfis heilsugæslunnar en það er mannað starfsfólki frá embætti landlæknis og Sjúkratryggingum Íslands. Hlutverk embættisins í eftirlitsteyminu er að rýna þarfavísitölu og gæðaviðmið heilsugæslustöðvanna ásamt því að hafa eftirlit með því að sjúkdómsgreiningar, sem eru undirstaða útreikninga á þarfavísitölu, séu skráðar í samræmi við lög og reglur og eðlilegt verklag kerfisins.

Á árinu 2020 var farið í eftirlit á fimm af heilsugæslustöðvum höfuðborgarsvæðisins (Mosfellsbæ, Urðarhvarf, Höfða Hvamm og Lágmúla). Fjórar þeirra voru heim-sóttar en eftirlit með þeirri fimmtu átti sér stað með fjarfundarbúnaði vegna COVID-19. Verklag við fjareftirlit var þróað frekar á árinu. Stefnt er að því að nota það fyrirkomulag áfram eftir heimsfaraldur, enda reynist það vel og sparar tíma.

Í júní 2020 sendi eftirlitsteymið skýrslu til heilbrigðisráðuneytisins þar sem farið var yfir niðurstöður teymisins til þessa. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru þær að heilsugæslan veiti góða þjónustu og njóti trausts skjólstæðinga sinna en kallað var eftir því að auðveldara væri að fá tíma hjá heimilislækni. Þjónusta þeirra heilsugæslustöðva sem eftirlitsteymið tók út samræmdist að mestu leyti kröfulýsingu. Þó var gerð athugasemd við hreyfistjórnun, sem er vannýtt úrræði hjá flestum heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig var nokkuð misræmi í sálfræðiþjónustu milli þeirra stöðva sem skoðaðar voru. Mönnun uppfyllti að mestu skilyrði kröfulýsingar. Ekki fundust merki um ofskráningu sjúkdómsgreininga en hins vegar fundust dæmi þar sem aukin skráning hefði verið til bóta.

## HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

### Rafræn dánarvottorð

Á árinu 2020 var unnið að að því að gera dánarvottorð rafræn. Fram til þessa hafa dánarvottorð verið á formi pappírseyðublaða sem fylla hefur þurft út og senda til landlæknis. Á árinu 2020 vann embætti landlæknis að því að gera dánarvottorð þannig úr garði að læknar geti fyllt þau út rafrænt á sínum vinnustað og sent þau rafrænt í gegnum Heklu heilbrigðisnet til landlæknis og dánar-meinaskrár. Á sama tíma vann heilbrigðisráðuneytið að breytingum á reglugerð um ritun dánarvottorða sem heimilar rafræna útfærslu á dánarvottorðum og rafræna miðlun viðeigandi upplýsinga af þeim til landlæknis, sýslumanna og Þjóðskrár.

Á árinu 2020 voru [leiðbeiningar](#) um ritun dánarvottorða endurskoðaðar og þær birtar á vef embættisins. Þessar leiðbeiningar verða einnig aðgengilegar í rafrænu dánarvottorði þegar það lítur dagsins ljós.

Á árinu tók alþjóðlegt regluverk Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) við kóðun dánarmeina breytingum vegna heimsfaraldurs af völdum COVID-19. Var tilgangurinn einkum að samræma skráningu vegna andláta vegna COVID-19 og auðvelda samanburð milli landa. Þessar breytingar á regluverki voru þá þegar innleiddar á Íslandi.

### Eftirlit með biðlistum og skráning biðlista

Á árinu 2020 var þrisvar sinnum kallað eftir upplýsingum um bið eftir völdum skurðaðgerðum; í febrúar, júní og september. Síðustu gagnainnkölluninni var flýtt um

mánuð svo hægt væri að meta áhrif COVID-19 faraldursins á bið eftir skurðaðgerðum. [Í október var birt greinargerð](#) þar sem helstu niðurstöður um bið eftir skurðaðgerðum fram að septembermánuði voru dregnar saman. Skráning í nýja biðlistaeyningu í sjúkrahúsinu Sögu hófst á nokkrum sjúkrahúsinum. Talsverðar breytingar eru í nýju einingunni auk þess sem í henni er virkni fyrir sendingar gagna í miðlægan biðlistagagnagrunn hjá embætti landlæknis. Móttökuprófanir fyrir miðlægar sendingar á biðlistagögnum til embættisins voru jafnframt undirbúnar á árinu.

Á árinu var í fyrsta sinn unnin og birt [samantekt um aðgengi að heilbrigðisþjónustu vegna notkunar áfengis- og vímuefna](#). Þá var einnig birt greinargerð um bið eftir hjúkrunarrými á árinu 2019 og á fyrstu mánuðum ársins 2020.

### Gögn úr heilbrigðisskrám til vísindarannsókna

Gögn úr gagnagrunnum, á ábyrgð landlæknis og sóttvarnalæknis, eru m.a. nýtt til vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Stór hluti umsókna er vegna rannsókna meistara- og doktorsnema en einnig nýta heilbrigðisstarfsmenn og vísindasamfélagið gögn frá embættinu við rannsóknir sínar. Á árinu 2020 bárust 58 nýjar umsóknir, þar af sex umsóknir vegna vísindarannsókna sem tengdust COVID-19 faraldrinum. Fjöldi nýrra umsókna segir þó ekki alla söguna varðandi umfang vinnunnar, þar sem iðulega eru framkvæmdar nokkrar gagnavinnsulur vegna sama verkefnis.

Á árinu 2020 vann embættið áfram að verkefni Heilbrigðisvísindastofnunar Háskóla Íslands sem nefnist Heilsubrunnur. Markmið verkefnisins er að auðvelda fræðimönnum aðgang að heilbrigðisupplýsingum sem þegar eru til og nota má við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Til þess að svo megi verða gerir háskólinn [samstarfssamninga](#) við einstaka ábyrgðaraðila gagna og er samningurinn við embætti landlæknis, sem undirritaður var í janúar 2021, sá fyrsti sinnar tegundar. Fyrsta skref í verkefninu felst í því að gera rannsakendum kleift að gera tölfraeðifyrirsurnir í dulkóðuð gögn embættisins í svokölluðum frálagsgrunnum, við undirbúning vísindarannsókna, í þeim tilgangi að kanna fýsileika rannsóknarverkefnisins.

### Rekstur og þróun upplýsingakerfa embættis landlæknis

Í ársbyrjun 2020 varð COVID-19 faraldurinn á skömmum tíma allsráðandi í starfsemi embættisins. Fram að því höfðu starfsmenn að mestu unnið á hefðbundnar borðtölvur en á þessum tímavarki varð nauðsynlegt að fara í útboð á fartölvum, svo tryggja mætti vinnuáðstöðu heima. Jafnframt var komið upp fjarfundarbúnaði. Sett var upp Microsoft Teams skýjalausnin en fram eftir ári var jafnframt notast við ZOOM fjarfundakerfið. Mikið var lagt upp úr að lágmarka óþægindi starfsfólks á þessu álagstíma.

Á vormánuðum var gerður samningur við fyrirtækið Syndis um innri öryggisúttekt og ytri athugun á rekstrarumhverfi embættisins. Leitaði fyrirtækið að öryggisveikleikum og kom margt gott út úr þeirri úttekt en einnig var bent á atriði, sem mætti bæta. Embætti landlæknis telur

## HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

afar mikilvægt að öryggisúttektir sem þessar séu gerðar reglulega. Jafnframt sé reglubundið eftirlit með öðrum aðilum, sem rekstrarumhverfinu tengjast. Embættið leggur ríka áherslu á tryggn og öruggan rekstur, upptíma allan sólarhringinn og örugga varðveislu gagna.

Vinna við innleiðingu M365 samnings ríkisins við Microsoft var umfangsmikil á árinu en ekki tókst að ljúka forinnleiðingu, m.a. vegna álags vegna COVID-19. Væntingar um sérstakan skýjageira fyrir þrjár til fimm stofnanir með svipaðan rekstur og gögn gengu ekki eftir. Varð niðurstaðan sú að embættinu var gert að fara í svokallaðan stjórnslugeira ásamt u.þ.b. 70 öðrum mjög ólíkum stofnunum. Þegar sú niðurstaða lá fyrir var ákveðið að skrefin í skýið yrðu lítil og eingöngu miðuð að því að nýta Microsoft leyfin í skýinu (s.s. Office, Teams ofl.). Ekki er fyrirhugað að setja tölvupóst í skýið né nýta Onedrive eða Sharepoint online.

Embætti landlæknis gerði á árinu samning við fyrirtækið Sensa um aðstoð við undirbúning upplýsingakorts. Þar eru gögn embættisins flokkuð og greind, bæði með tilliti til þess, sem snýr að öryggismálum og persónuverndar (GDPR). Það er liður í annars vegar undirbúningi fyrir ákvarðanir um hvaða gögn mega fara í skýið og hins vegar skipulagningu gagna sem liggja á skráarmiðlurum.

Notkun SAP/BO, greiningar- og skýrslugerðarlausnarinnar hefur aukist mikið hjá embættinu eftir því sem gagnagrunnum og vöruhúsum fjölga og starfsmenn verða færari í að nýta lausnina. Á árinu var leyfisumsýsla SAP/BO færð frá Advania til Origo og leyfum fjölgað talsvert auk þess sem embættið hefur notið aðstoðar

sérfræðinga í SAP/BO hjá fyrirtækinu Metrica við rekstur umhverfisins.

Aukin þörf skapaðist fyrir söfnun og greiningu rauntímagagna úr smitsjúkdómaskrá söttvarnalæknis og heilbrigðisskrám landlæknis á árinu, ekki síst í tengslum við heimsfaraldur COVID-19. Mikil vinna hefur farið í að mót-tökuprófa ný gögn sem tengjast heimsfaraldrinum, stilla upp vöruhúsum, úrvinnslugrunnum og skýrslugerðarheimum fyrir starfsmenn söttvarnsviðs og heilbrigðisupplýsinga-sviðs, sem vinna úr gögnum til ákvarðanatöku og opinberrar birtingar á vef.

Á árinu var úrvinnslugrunnur fyrir gögn sem berast frá heilsugæslustöðvum úr Sögukerfinu jafnframt endurgerður auk þess sem yfirstandandi eru móttökuprófanir á viðbótar-mælingum frá heilsugæslunni, rafrænum biðlistum og fleiru sem er í farvatninu að hýsa.

Snemma árs 2020 var *Starfsleyfaskrá*, skrá yfir heilbrigðisstarfsmenn með gilt starfsleyfi hér á landi, gerð aðgengileg á vef embættisins og birting [fréttatilkynning](#) þar að lútandi. Með birtingu skráarinnar á heimasíðu embættisins geta allir kynnt sér hverjir hafa gilt starfsleyfi sem heilbrigðisstarfsmenn hér á landi. Haldið var áfram með þróun Starfsleyfaskráar og var á árinu m.a. unnið að þróun forrits fyrir rafrænar umsóknir vottorða um starfsleyfi. Þá var nýrri tegund leyfa, „Viðbótarleyfi – lyfjaávisunarheimild“ fyrir ljósmæður og hjúkrunarfræðinga bætt inn í starfsleyfakerfið og tekin í gagnið í janúar 2021. Þessi breyting var gerð til þess að styðja breytt ákvæði laga um ávisanir lyfja og reglugerð um heimild hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra til að

ávís tilteknum lyfjum að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Á árinu var þróað og forritað sérstakt verkþókhald fyrir kvartanateymi embættisins til þess að auðvelda þeim að halda utan um stöðu og ferli kvartanamála sem berast embættinu.

### Rafræn stjórnslýsla hjá embætti landlæknis

Embættið hefur lagt metnað sinn í að auka sem mest rafræna stjórnslýslu, til hagræðingar bæði fyrir almenning og starfsfólk. Hægt miðar þó og eru margar skýringar á því, s.s. skortur á aðföngum. Stafrænt þjónustuframboð embættisins tengist auk þess stafrænni virkni hjá öðrum stofnunum.

Síðla árs bauðst embættinu að nýta aðstoð Stafræns Íslands. Sú aðstoð var vel þegin og settir voru upp netþjónar fyrir x-road (Strauminn) sem ríkið hefur ákveðið að nota til að miðla gögnum á öruggan hátt milli stofnana og annarra aðila. Settir voru upp tveir netþjónar fyrir raun- og þróunarumhverfi, með aðstoð Origo, ásamt því að útbúa nokkrar vefþjónustur sem tiltækar verða gegnum Strauminn og sumar þeirra aðgengilegar í Viskausunni svokallaðri, sem Stafrænt Ísland rekur frá mínum síðum á Island.is.

Mikil innanhúss þróunarvinna hefur staðið yfir á árinu þar sem lögð er áhersla á sendingar gagna til einstaklinga í Pósthólf Íslands, rafrænar umsóknir á vef, rafrænar inn-siglanir skjala, greiðslusíður kortafyrirtækja og rafrænar undirritanir.

## MÍÐSTÖÐ RAFRÆNNA HEILBRIGÐISLAUSNA

### Starfsáætlun 2019-2020

Árið 2020 var einstakt vegna heimsfaraldurs COVID-19 og fór markmiðið *Áframhaldandi þróun og innleiðing sam- tengdrar rafrænnar sjúkraskrár og Heilsuveru* ófyrirséða leið, þegar fyrsta bylgjan skall á Íslandi. Óhjákvæmilega þurfti að setja verkefni á hliðarlínuna, á meðan unnið var að COVID-19 tengdum verkefnum.

Hafa þurfti hraðar hendur við að þróa og innleiða hinar ýmsu rafrænu lausnir til að halda utan um og hefta útbreiðslu veirunnar. Með samvinnu margra aðila tókst að þróa og innleiða rafrænar lausnir á metíma. Skimunar- kerfi fyrir COVID-19 á landamærunum var til að mynda þróað á einungis tíu dögum.

Í febrúar 2021 hlaut embætti landlæknis þann heiður að vera valið UT- Stafræna þjónusta ársins 2020 af [Ský](#), en sá flokkur er ætlaður lausnum sem skara fram úr og einfalda líf fólks.

### Skimunarkerfi á landamærum

Kerfið er samþættað sjúkraskrárkerfinu Sögu og tryggir flæði upplýsinga um sýnatökur í rauntíma til allra heilbrigðisstofnana landsins, til sóttvarnalæknis og til almannavarna. Þannig er mikilvægum upplýsingum um smit miðlað til allra viðbragðsaðila í rauntíma. Auk þess eru neikvæðar niðurstöður sýnatöku aðgengilegar í Heilsuveru.

Margir aðilar komu að þróun verkefnisins auk embættis landlæknis, má þar nefna almannavarnir, lögreglu, Heilsgæslu höfuðborgarsvæðisins, Íslenska erfðagreiningu, Isavia og hugbúnaðarfyrirtækið Origo.



Rakning C-19 appið  
**Smitrakning er samfélagsmál**


Download on the App Store

ANDROID APP ON Google play

Skimunarkerfið er einnig notað við skipulagningu og boðun einstaklinga í bólusetningar gegn COVID-19. Ekki er ólíklegt að hægt verði að þróa kerfið áfram, til fleiri nota, síðar meir.

### Rakningarapp c-19

Rakningarappið er einnig þróað í samstarfi margra aðila, sem allir lögðust á eitt í baráttunni við heimsfaraldurinn. Appið auðveldar smitrakningarteymi að greina ferðir smitaðra einstaklinga við greiningu smits og rekja saman við ferðir annarra, sem þurfa að fara í sóttkví vegna nándar við þann smitaða. Upplýsingar eru einungis vistaðar í símanum sjálfum og einstaklingurinn veitir sjálfur samþykki fyrir að deila upplýsingum með rakningarteymi almannavarna. Á árinu var byrjað að þróa nýja kynslóð rakningarapps sem notar Bluetooth tækni í stað GPS staðsetningar.




Mynd 8: Heildarfjöldi einstaklinga sem notuðu Heilsuveru árin 2016-2020

## MÍÐSTÖÐ RAFRÆNNA HEILBRIGÐISLAUSNA

### Heilsuvera


Mikil þróun átti sér stað í Heilsuveru á árinu í tengslum við COVID-19. Má þar nefna að niðurstöður úr einkennasýnatökum, skimunum og mótefnamælingum gegn COVID-19 voru allar gerðar aðgengilegar í Heilsuveru. Einnig var gefinn kostur á að skrá sig í sóttkví í Heilsuveru. Ýmis vottorð voru gerð aðgengileg til útprentunar, þ.m.t. vottorð vegna sóttkvíar og vegna COVID-19 smits. Einnig var beiðni um einkennasýnatöku gerð aðgengileg í heilbrigðisgáttinni. Í október var gert kleift að veita umboð til að sækja lyf í apótek og tilraunaverkefni með að svara spurningalista og senda úr Heilsuveru og yfir í sjúkraskrá var hleypt af stokkunum.



Mynd 9: Fjöldi innskráninga í Heilsuveru á mánuði 2016-2020

Notkun Heilsuveru sló öll met í faraldrinum og voru notendur árið 2020 alls 194.180 (sjá mynd 8), sem er tæplega 70% af íbúum landsins 16 ára og eldri miðað við íbúatölu Hagstofu Íslands í janúar 2020.

Heildarfjöldi innskráninga inn á Heilsuveru nánast þrefaldaðist á milli ára, en árið 2020 voru innskráningar tæplega 3.4 milljónir miðað við rúmlega 1.2 milljónir árið 2019. Þannig voru að meðaltali um 280.000 innskráningar á mánuði og rúmlega 9000 á degi hverjum árið 2020. Mynd 9 sýnir fjölda innskráninga á *Minum síðum* á heilsuvera.is í hverjum mánuði síðustu fimm árin. Fyrsti kúfurinn á myndinni var þegar mislingafaraldurinn gekk yfir og í mars 2019 varð aukning í að skoða bólusetningaupplýsingar í Heilsuveru. Stóru kúfarnir fylgja hæstu bylgjum COVID-19.




Mynd 10: Fjöldi beiðna um lyfjaendurnýjun hvern mánuð árin 2016-2020

Eins og fyrr ári var beiðni um lyfjaendurnýjun mest notaða þjónusta Heilsuveru árið 2020, en alls voru lyfjaendurnýjunarbeiðnirnar samtals 387.000 yfir árið miðað við rúmlega 241.000 árið áður. Mikil aukning varð í fyrstu bylgju heimsfaraldursins. Sjá mynd 10.

Rafrænar tímabókanir voru að mestu teknar út hjá heilsgæslustöðvum um land allt. Var það gert tímabundið, enda ekki æskilegt að einstaklingar með einkenni, sem gætu bent til COVID-19 smits, mættu á heilsgæslustöðina. Var lögð meiri áhersla á öruggu samskiptin í Heilsuveru, símtöl og netspjall á heilsuvera.is.

Rúmlega 11.000 vottorð voru sótt í Heilsuveru á árinu og beiðnir um einkennasýnatöku voru tæplega 71.000. Vottorðin voru gerð aðgengileg í apríl og sýnatökubeiðnirnar um mánaðarmótin ágúst/september.



Mynd 11: Heildarfjöldi einstaklinga sem notuðu Heilsuveru árið 2020 eftir aldurshópum og kyni.

## Rafræn fæðingaskrá

Rafræn fæðingaskrá var innleidd á landsvísu á árinu. Með þeirri innleiðingu er loks hægt að leggja niður pappírsskrár fæðandi kvenna.

## Önnur stór verkefni

Ýmis önnur stór verkefni er vert að nefna. Áframhaldandi þróun var á miðlægu lyfjakorti og heildarmagnslyfjaávisunum ásamt þróun á birtingu á rafrænum rannsóknaniðurstöðum, þróun miðlægs biðlista og tilvísanakerfis í heilbrigðisþjónustu.

Einnig fór fram áframhaldandi greining á verkefni tengdu miðlægru sykursýkisskrá. Hafin var vinna við þýðingar á stöðluðum fyrirmælum í sjúkraskrá, fyrir langvinna lungna-sjúkdóma og fæðingar, í samvinnu við Landspítala og kanadíska fyrirtækið *Think Research*.

Nýtt verkefni um átak gegn heimilisofbeldi var sett af stað með styrk frá félagsmálaráðuneyti. Fyrri hluti verkefnisins var unninn á árinu en sá hluti snýr að foreldrafræðslu og aukinni fræðslu til heilbrigðisstarfsmanna til að greina og bregðast við ofbeldismálum.

Áfram var unnið að þróun á sjúkraflutninga appi sem verður samþættað sjúkraskránni og verkefni um að efla fjarheilbrigðisþjónustu.

## Nauðsynlegir innviðir stofnana (NIS)

Á árinu tók embætti landlæknis við eftirliti með net- og upplýsingakerfum heilbrigðisþjónustunnar. Miðstöð raf-rænna heilbrigðislausna fer með eftirlitið. Er það tilkomið með svokallaðri NIS tilskipun, sem tók gildi á árinu.

## Samtengd sjúkraskrá

Byrjað var að samtengja sjúkraskrár á milli heilbrigðisstofnana árið 2013. Árið 2016 höfðu allar heilsugæslustöðvar landsins ásamt Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri aðgang að sjúkraskrám sinna sjúklinga í gegnum samtengda sjúkraskrá. Þá var hafist handa við að samtengja hjúkrunarheimilin og sjálfstætt starfandi sérfræðilækna. Með samtengingu sjúkrakerfisins ProfDoc (PMO) og sjúkraskrárkerfisins Sögu í september 2020 má segja að brotið hafi verið blað í samtengdri sjúkraskrá, en þar með var hægt að miðla sjúkraskrárgögnum á milli tveggja mismunandi sjúkraskrárkerfa. Hjúkrunarheimilin Sóltún og Droplaugarstaðir tóku einnig upp samtengda sjúkraskrá á árinu.

Samtengd sjúkraskrá veitir heilbrigðisstarfsfólki aðgang að mikilvægum upplýsingum um sína sjúklinga, sem sinnt hefur verið á öðrum heilbrigðisstofnunum. Stuðlar það að auknum gæðum, meiri samfellu og betri heilbrigðisþjónustu.

Sjá má á mynd 11 yfirlit yfir hvaða heilbrigðisstofnanir eru með samtengda sjúkraskrá og hvenær þær tengdust.

## Mynd 11. Yfirlit yfir samtengdar heilbrigðisstofnanir.

Heiti stofnunar	Dagsetning og ár samtengingar
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Nóvember 2013
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Nóvember 2013
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Desember 2013
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Mars 2014
Sjúkrahúsið Akureyri	Maí 2014
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Maí 2014
Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins	Júní 2014
Landspítali	September 2014
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Nóvember 2016
<b>Sjálfstætt starfandi</b>	
Heilsuvernd	Febrúar 2015
Læknavaktin	Ágúst 2015
Læknastöðin Uppsölum	Október 2015
Læknastöðin Glæsibæ	Apríl 2016
Heilsugæslan Lágmúla	Desember 2016
Klínikin Ármúla	Desember 2016
Röntgen Dómus	Janúar 2017
Heilsugæslan Salahverfi	Febrúar 2017
Heilsugæslan Höfða	Maí 2017
Reykjalundur	Maí 2017
Orkuhúsið	Júní 2017
Corpus Medica	Janúar 2018
Læknasetrið	Janúar 2018
Björkin og sjálfstætt starfandi ljósmæður	Júlí 2018
Heilsugæslan Urðarharfi	September 2018
Rtg. Orkuhúsið	Nóvember 2018
Myndgreining Hjartaverndar- sendir gögn	Janúar 2019
Hjartamiðstöðin	September 2019
Krabbameinsfélag Íslands- sendir gögn	September 2019
Læknar Domus Medica	September 2020
<b>Hjúkrunarheimili</b>	
Hjúkrunarheimilið Seljahlíð	Júní 2014
Skjól, Eir og Hamrar	Október 2017
Hrafnistuheimilin	Nóvember 2017
Sunnuhlíð	Nóvember 2018
Fríðuhús- öldrunarstofnun Alzheimerstk.	Maí 2019
Droplaugarstaðir	Janúar 2020
Sóltún	Janúar 2020

## Starfsáætlun 2019-2020. Aðaláherslur

Embætti landlæknis setti fram í *Starfsáætlun 2019-2020* fjórar aðaláherslur. Ein þeirra snýr að sviði lýðheilsu, að „Hvetja og styðja við heilsueflingu“. Undir þessum áhersluþætti var sett fram áætlun í fjórum liðum:

### 1. Styðja sveitarfélög, skóla og heilsugæslu í heilsueflandi starfi og tengja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Í lok árs 2020 bjuggu um 93,5% landsmanna í Heilsueflandi samfélagi (HSAM). Fimm ný sveitarfélög bættust í hópinn og voru þau samtals þrjátíu og fjögur í lok árs. Haldnir voru fimm fjarfundir með tengiliðum HSAM á árinu auk annars konar samskipta. Megináherslan þetta árið var að klára fyrstu útgáfu gátlista HSAM og vinna að frekari þróun vefkerfisins heilsueflandi.is. Vefkerfið var opnað fyrir HSAM sveitarfélögum í september. Unnið var að tengingu [heimsmarkmiðanna](#) við viðmið gátlista HSAM inn í vefkerfinu. Áfram var leitað leiða til greina ítarlegar lýðheilsuvísa og önnur gögn fyrir HSAM starf sveitarfélaga. Sérfræðingar embættisins hafa komið að gerð lýðheilsustefnu Reykjavíkur með því markmiði að sú vinna nýtist fleiri sveitarfélögum. Einnig var tekið þátt í starfshópi heilbrigðisráðuneytisins um heilsueflingu eldri borgara. Í tengslum við þátttöku í Evrópuverkefninu [JA CHRODIS+](#) (2017-2020) var unnið að þróun HSAM starfsins og liður í því var m.a. [samstarf við Janus heilsueflingu um heilsueflingu eldri borgara](#). Embættið vinnur að því að gerast formlegur þátttakandi í starfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), *Healthy Cities* og hefur aðstoðað Reykjavíkurborg við umsókn sína að samtökunum.



Grímsnes- og Grafningshreppur varð aðili að Heilsueflandi samfélagi á árinu

### Heilsueflandi leikskóli

Í lok árs 2020 voru áttatíu leikskólar skráðir í Heilsueflandi leikskóla og fjölgaði þeim um fimm á árinu. Samskipti við leikskólana voru að mestu leyti rafræn á árinu og tíminn nýttur til þess að vinna að endurbættu vefsvæði á heilsueflandi.is og undirbúningi fyrir rafræna viðburði á árinu 2021. Upplýsingar um Heilsueflandi leikskóla eru á [heimasíðu embættisins](#) og á [Facebook síðu](#) Heilsueflandi leikskóla.

### Heilsueflandi grunnskóli

Samtals 108 grunnskólar voru skráðir til þátttöku í Heilsueflandi grunnskóla í lok árs, eða um 63% allra grunnskóla á landinu. Ellefu nýir grunnskólar bættust við 2020. Á árinu voru nær öll samskipti við skólana rafræn. Boðið var upp á stuðning til skóla, sem þess óskuðu. Í upphafi ársins var unnið áfram með tilraunaverkefni um svefn og áfram er lögð áhersla á að bæta framboð og samtal varðandi gagnreynt lífsleikni- og forvarnarnámsefni. Undirbúningur fyrir endurskoðun á gátlistum hófst á árinu og mun halda

áfram 2021. Upplýsingar um [Heilsueflandi grunnskóla](#) eru á heimasíðu embættisins og á [Facebook síðu Heilsueflandi grunnskóla](#).

### Heilsueflandi framhaldsskóli

Lögð var áhersla á notkun og virkni framhaldsskólanna á vefsvæðinu heilsueflandi.is og var stuðningur í boði fyrir þá skóla sem þess óskuðu. [Gulleplið 2020](#) var afhent í tíunda sinn þar sem Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra afhenti Tækniskólanum verðlaunin. Jafnframt voru veitt sérstök heiðursverðlaun Gull-eplisins og hlaut Flensborgarskólinn þá viðurkenningu fyrir heildræna innleiðingu heilsueflingar og vasklega framgöngu síðastliðin tíu ár. Upplýsingar um Heilsueflandi framhaldsskóla eru á [heimasíðu embættisins](#) og á Facebook síðu Heilsueflandi framhaldsskóla.

### Heilsueflandi vinnustaðir

Stýrihópur [Heilsueflandi vinnustaða](#) (HVINN) skipaður starfsmönnum frá embætti landlæknis, VIRK og Vinnueftirliti ríkisins stóð fyrir tveimur morgunfundum á árinu. Vinnu við gerð viðmiða fyrir heilsueflandi vinnustaði lauk á árinu. Í febrúar fór af stað tilraunaverkefni með tíu vinnustöðum sem valdir voru til þátttöku í verkefninu.

## 2. Leggja áherslu á heildstætt mat á heilsueflandi starfi

Áfram var unnið að þróun heilsueflandi.is sem heldur heildrænt utan um allt heilsueflingarstarf embættisins og miðlar upplýsingum um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu.

Vefurinn er lokað vinnusvæði fyrir Heilsueflandi leik-

## LÝÐHEILSA

grunn- og framhaldsskóla, Heilsueflandi samfélög og vinnustaði.

Heilðrátt heilsueflingar- og forvarnastarf er árangursrík leið til að efla heilsu og vellíðan. Í heilsueflingarstarfinu er lögð áhersla á að styðja sveitarfélög, skóla og vinnustaði í því að vinna markvisst lýðheilsustarf, s.s. með ráðgjöf, ráðstefnum og vinnustofum, lýðheilsuvísam, gátlistum ásamt ýmsu öðru efni og stuðningi. Upplýsingaveitan, heilsueflandi.is, mun nýtast vel í þessu samhengi.

### 3. Styðja heilsueflandi starf með viðeigandi gögnum

Lýðheilsuvísar voru birtir í fimmta sinn þann 6. júní 2020 í Árborg. Sjá nánar á bls. 15. Nánari upplýsingar um lýðheilsuvísa 2020 er að finna á [vef embættisins](#). Sjá einnig [upptökur](#) frá viðburðinum.

#### Aðgerðir

- **Innleiða lýðheilsumat**

Áfram var unnið að þróun lýðheilsumats með áherslu á að afla frekari upplýsinga og efnis. Byggt er á reynslu Wales, sem eru frumkvöðlar í framkvæmd lýðheilsumats á vettvangi ríkis og sveitarfélaga.

- **Greina gögn frá rannsókninni Heilsu og líðan með tilliti til jöfnuðar**

Markvisst er unnið að því að vinna úr gögnum Heilsu og líðanar og vöktun áhrifabátta heilbrigðis. Gögn þessara kannana eru m.a. notuð við úrvinnslu lýðheilsuvísa og í Talnabrunn. Sjá nánar [skýrslu](#).

- **Virkja upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsueflingu og forvarnir**

Tilgangur veitunnar er að m.a. að styðja við starf Heilsueflandi samfélags, skóla og vinnustaða. Undirbúningsvinnan gekk vel og verður veitan opnuð á fyrri hluta árs 2021.

- **Fjölga lýðheilsuvísam í rafrænni, gagnvirkri birtingu**

Unnið var að greiningu og birtingu lýðheilsuvísa fyrir fleiri sveitarfélög. Mælaborð lýðheilsu var þróað áfram, en þar birtast sífellt fleiri vísar eftir heilbrigðisumdæmum og fyrir stærstu sveitarfélögin. Sjá bls. 15.

- **Framkvæma á landskönnun á mataræði**

Landskönnun á mataræði hélt áfram árið 2020 en gekk hægar en vonir stóðu til m.a. vegna COVID-19. Reiknað er með að könnunin verði í framkvæmd út júní 2021.

- **Halda heilsueflandi vinnustofur í heilbrigðisumdæmum**

Alls voru haldnar fimmtán vinnustofur á árinu. Vinnustofurnar voru flestar rafrænar og tóku aðilar frá öllum heilbrigðisumdæmum þátt.

- **Styðja við heilsueflandi móttökur í heilsugæslu**

Á árinu var unnið að flutningi hreyfitorgs inn á heilsuveru.is en formleg opnun hefur tafist vegna samkomutakmarkana.

- **Styðja við innleiðingu á skimun og stuttu inngripi í heilsugæslu vegna áfengisvanda**

Í samstarfi við Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu og fleiri var unnið að undirbúningi innleiðingar á skimun og ráðgjöf vegna áfengisnotkunar.

- **Innleiða gátlista fyrir heilsueflandi samfélög, vinnustaði og skóla á [heilsueflandi.is](#)**

Heilsueflandi.is er notendastýrt vefsvæði fyrir þátttakendur í heilsueflandi nálgunum embættisins. Þetta kerfi er helsta verkfæri þátttakenda og styður þau í að halda markvisst utan um heilsueflingarstarfið. Undirbúningur er hafinn að tengingu heimsmarkmiðanna við gátlista. Sú vinna er komin lengst hjá samfélögum og vinnustöðum. Áætlað er að sambærileg tenging verði fyrir [Barnasáttmálann](#).

- **Vinna að auknu heilsulæsi**

Embætti landlæknis vinnur að mörgum verkefnum sem stuðla að auknu heilsulæsi m.a. í gegnum heilsueflandi nálganir embættisins ásamt útgáfu lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum. [Heilsuvera](#) gegnir einnig mikilvægu hlutverki í eflingu heilsulæsis.

- **Stýra verkefninu Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndunum**

Embætti landlæknis leiðir eitt af formennskuverkefnum Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, sem sett var á fótt árið 2019 og stendur til þriggja ára. Árið 2020 kom út umfangsmikil skýrsla um stöðu þessara mála innan

## LÝÐHEILSA

Norðurlandanna, [The First 1000 Days in the Nordic Countries: A Situation Analysis](#), með ítarlegum kafla fyrir hvert land og samanburð á milli landa. Árið 2020 fór einnig fram mikil vinna tveggja rannsóknarteyma í Noregi og Finnlandi við að yfirfara rannsóknir að baki þeim mælitækjum og úrræðum, sem nýtt eru á Norðurlöndunum. Er þetta gert til að meta og styðja við geðheilsu og velferð barna og foreldra við upphaf ævinnar. Niðurstöður þeirrar úttektar eru væntanlegar árið 2021.

### • Fylgja eftir aðgerðaráætlun um sjálfsvígsforvarnir

[Aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi](#) samanstendur af sex megin þáttum sem taka mið af æviskeiði einstaklinga í heild sinni. Byggt er á gagnreyndum aðferðum, fyrirliggjandi vinnu á sviði heilbrigðis, mennta- og félagsmála hér á landi og reynslu nágrannaþjóða af árangursríkum sjálfsvígsforvörnum.

Undir hverjum þessara sex megin þátta eru fjölmargar aðgerðir og verkefni, sem unnin eru í samvinnu og samráði við aðila bæði innan og utan hins opinbera kerfis. Bæklingurinn [Í kjölfar sjálfsvígs](#), ætlaður syrgjendum og aðstandendum, var gefinn út í samstarfi við Píeta samtökin og Sorgarmiðstöð.

Ráðleggingar sem bera yfirskriftina [Hvernig líður þér?](#) ætlaðar þeim sem upplifa að lífið sé ekki þess virði að lifa því, voru gefnar út á íslensku, ensku og pólsku í samstarfi við hjálparsíma Rauða krossins 1717 og Píeta samtökin. Einnig voru gefnar út ráðleggingar af sömu aðilum fyrir aðstandendur sem nefnast [þekkir þú einhvern sem gæti verið að ihuga sjálfsvíg?](#)

### • Vitundarvakning um mikilvægi svefns

Í byrjun maí 2020 fór af stað undirbúningur fyrir áætlun um vitundavakningu til að stuðla að bættum svefni Íslendinga. Starfshópur innan embættisins ásamt samstarfsaðilum utan embættisins unnu að vitundarvakningunni sem farið verður af stað með árið 2021.

### • Undirbúa og halda Norrænu lýðheilsuráðstefnuna 2021

Til stóð að halda 13. Norrænu lýðheilsuráðstefnuna á árinu en sökum COVID-19 var henni frestað. Ráðstefnan fer fram dagana 28.—30. júní 2022 og verður samtengd Evrópuráðstefnu í jákvæðri sálfræði sem fer fram dagana 29. júní – 2. júlí 2022. Sjá [vefsíðu ráðstefnunnar](#).

### • Meta áhrif COVID-19 á lýðheilsu

Niðurstöður úr vöktun embættisins voru notaðar til þess að fylgjast með heilsu og heilsuhegðun Íslendinga. Greint var frá niðurstöðum í minnisblöðum til forsætisráðherra og var [lýðheilsuvakt](#) komið var á lagginnar, á vef embættisins.

### • Vöktun áhrifaþátta heilbrigðis

Hefðbundin regluleg vöktun fór fram á árinu, sem framkvæmd er af Gallup. Til viðbótar við hefðbundið slembiúrtak var bætt við svörum frá nítján stærstu sveitarfélögunum. Niðurstöðurnar eru meðal annars birtar í Talnabrunni og sem hluti af Lýðheilsuvísium fyrir heilbrigðisumdæmin. Sveitarfélög geta einnig nýtt sér staðbundin gögn.

## Önnur viðfangsefni lýðheilsu

Starfsmenn lýðheilsuviðs taka þátt í samstarfi og samráði heilsueflandi nálgana embættisins innanlands sem utan. Þar á meðal er mótun svæðisbundinna lýðheilsuvísa, reglubundin vöktun á heilsu og vellíðan Íslendinga, yfirferð umsókna í Lýðheilsusjóð og skrif í *Talnabrunn* embættisins. Einnig var á árinu unnið að fjölda umsagna til Alþingis og í [Samráðsgátt stjórnvalda](#). Þá tóku starfsmenn lýðheilsuviðs einnig þátt í ýmsum verkefnum tengdum COVID-19 s.s. heilræðum [á tímum kórónuveiru](#), sem gefin voru út í mars.

**Heilræði á tímum kórónuveiru**

1. Hlúum vel að okkur sjálfum og okkar nánustu
2. Verum þakklát fyrir það sem við höfum
3. Borðum hollan og góðan mat daglega
4. Hreyfum okkur rösklega á hverjum degi
5. Stuðlum að betri svefni með góðum svefvenjum
6. Forðumst að nota áfengi eða tóbak sem bjargráð
7. Sýnum samfélagslega ábyrgð og fylgjum fyrirmælum
8. Höldum áfram að læra og komum hlutum í verk
9. Gefum af okkur - sýnum góðvild og samkennd
10. Njótum augnabliksins - hér og nú

HEILSUEFLANDI  
Embætti landlæknis

## LÝÐHEILSA

### Geðrækt

Með geðræktarstarfi hjá embætti landlæknis er unnið að góðri geðheilsu og vellíðan landsmanna.

### Félagstengsl íslenskra ungmenna.

Verkefnisstjóri geðræktar tók þátt í að skrifa skýrslu um [félagstengsl íslenskra ungmenna](#), sem kom út vorið 2020 í samstarfið við prófessor við Háskóla Íslands og sérfræðing á lýðheilsusviði embættisins. Markmið skýrslunnar var að meta hversu hátt hlutfall barna og unglinga býr við slök tengsl við foreldra, skóla og/eða vini og lýsa einkennum þeirra með tilliti til bakgrunnspáttta, s.s. kyns, aldurs og efnahagsstöðu. Einnig að kanna sambandið á milli félagstengsla barna og ungmenna og hegðunar þeirra, líðanar og lífsánægju. Niðurstöður voru kynntar á fjarfundi í samstarfi við *Náum áttum* í maí 2020.

### Skýrsla um námsefni og heildarskólanálgun til að efla jákvæða hegðun og félags- og tilfinningafærni í skólum.

Verkefnisstjóri geðræktar leiddi vinnu við umfangsmikla [skýrslu um námsefni og heildarskólanálgun](#), sem nýtt er til að efla jákvæða hegðun og félags- og tilfinningafærni barna og ungmenna í skólum hér á landi. Verkefnið hafði staðið yfir um nokkurra ára skeið, í samvinnu við fjölda sérfræðinga innan og utan embættisins. Það beindist að því að meta gæði og rannsóknargrunn þess námsefnis og heildrænnar nálgunar, sem helst er nýtt í íslenskum skólum á þessu sviði.

### Sérstök verkefni vegna COVID-19.

Verkefnisstjóri geðræktar tók þátt í ýmsum verkefnum tengdum COVID-19 árið 2020, s.s. [tíu heilræði á tímum kórónuveru](#) sem gefin voru út af lýðheilsusviði embættisins og [góð ráð til foreldra á tímum COVID-19 faraldursins](#) í samstarfi við heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið.



### Forvarnardagurinn 2020

Forvarnardagurinn var haldinn 7. október í grunn- og framhaldsskólum landsins. Tekin var í notkun nýr [vefur verkefnisins](#) þar sem finna má myndbönd og veggspjöld, sem fjalla um áherslur forvarnadsins sem eru; samvera með fjölskyldu, þátttaka í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi og áhersla á mikilvægi þess að leyfa heilanum að þroskast.

### Ofbeldisforvarnir

Verkefnisstjóri tók þátt í starfshópi hjá félagsmálaráðuneytinu sem skilaði tillögum um fjölbreyttari úrræði fyrir gerendur í ofbeldismálum. Einnig var tekið þátt í

stefnumótunavinnu á vegum forsætisráðuneytisins, sem varð að þingsályktun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um ofbeldisforvarnir fyrir árin 2021-2025.

### Áfengis- og vímuvarnir

Áætlað var að halda Norrænu vímuvarnaráðstefnuna á Íslandi í júní 2020, samhliða Norrænu lýðheilsuráðstefnunni en vegna COVID-19 var henni frestað. Þess í stað var haldin rafræn vinnustofa um það sem efst er á baugi í hverju landi fyrir sig og þróun frá fyrra ári. Áhersla var lögð á að miðla upplýsingum um áhrif COVID-19 á notkun áfengis eða önnur vímuefni.

Gerð var sérstök könnun á áhrifum fyrstu bylgju COVID-19 á áfengisdrykkju fullorðinna Íslendinga. Þá höfðu fulltrúar embættisins milligöngu um að koma á framfæri evrópskri könnun um COVID-19 og áfengisdrykkju fullorðinna.

Sérfræðingar í áfengis- og vímuvörnum á Norðurlöndunum fengu styrk frá Vísindaráði Norðurlanda til að vinna frekar úr gögnum rannsóknarinnar *European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs sem framkvæmd er af ESPAD*. Starfsmaður embættisins, ásamt starfsmanni frá Háskóla Íslands eru fulltrúar Íslands í þessu rannsóknarverkefni. Áætlað er að gera ítarlegan samanburð milli landa og skoða tengsl áfengis- og vímuefnaneyslu við skaða og áhrif á þriðja aðila. Fulltrúi embættisins situr í ritstjórn *Nordic studies on Alcohol and Drugs (NAD)*. Ritstjórnarfundur voru rafrænir á árinu vegna Covid.

### Tóbaksvarnir

Á árinu var unnið með starfshópi, sem skipaður var af heilbrigðisráðuneytinu, til að meta hvort takmarka eigi heimildir til markaðssetningar bragðefna í rafrettum.

## LÝÐHEILSA

### Dagur án tóbaks


[Dagur án tóbaks](#) er haldinn árlega þann 31. maí og stendur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ætíð fyrir herferð af því tilefni. Að þessu sinni var athyglinni beint að nýjum vörutegundum tóbaks og nikótíns, þar sem var sérstaklega höfðað til ungs fólks.

### Tóbakslaus bekkur

Tóbaks- og rafrettulaus bekkur er fastur liður í tóbaksvörnum á ári hverju. Skólaárið 2019–2020 var samkeppnin haldin meðal 7., 8. og 9. bekkja í grunnskólum landsins. Eins og fyrri ár var þátttaka mjög góð og tóku samtals 240 bekkir, víðsvegar um landið, þátt að þessu sinni. Til að eiga möguleika á fyrstu verðlaunum þurftu nemendur bekkjanna að senda inn áhugavert efni tengt tóbaksvörnum. Tíu bekkir frá jafn mörgum skólum, sem sendu inn loka-verkefni, unnu til verðlauna.

### Hreyfing

Fylgst var með þróun alþjóðlegra ráðlegginga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, (WHO) um hreyfingu og kyrrsetu, sem gefnar voru út í nóvember 2020. Faghópur embættisins, um endurskoðun opinberra ráðlegginga um hreyfingu fyrir Ísland, hóf störf. Gátlisti um hreyfingu og útiveru fyrir Heilsueflandi samfélag var gefinn út, sem og gátlisti um hreyfingu og útiveru fyrir Heilsueflandi vinnustaði. Flutningi Hreyfitorgs til Heilsuveru lauk á árinu. Embættið annaðist öflun og vinnslu efnis vegna WHO [Physical activity factsheet](#) (2019) fyrir Ísland, sem kom út í júní.



### Næring

Endurskoðun á [Handbók fyrir grunnskólamötuneyti](#) lauk á árinu í samstarfi við faghóp á vegum embættis landlæknis fyrir grunnskólamötuneyti. Einnig voru endurskoðaðar [ráðleggingar um matarframboð í síðdegishressingu í heilsdagsskólum, frístunda- og æskulýðsstarfi](#) og voru þær ráðleggingar sendar út á viðkomandi staði og kynntar. Verkefnisstjórar tóku þátt í vinnu starfshóps sem heilbrigðisráðherra skipaði til að vinna að útfærslum á innleiðingu á aðgerðaáætlun til að draga úr sykurneyslu sem embætti landlæknis vann fyrir heilbrigðisráðherra árið 2019.

Skýrslan [Aðgerðaáætlun um beitingu efnahagslegra hvata til eflingar lýðheilsu: Útfærslur starfshóps á innleiðingu](#) var birt í nóvember. Verkefnisstjóri tók sæti í áhættumatsnefnd matvæla þar sem verið er að kanna heilsufarslega áhættu vegna neyslu íslenskra ungmenna á orkudrykkjum. Í samstarfi við skólaheilsugæsluna var fréttabréf sent til foreldra grunnskólabarna til að minna á mikilvægi þess að muna eftir D-vítamíninu. Facebooksíða [fyrir ráðleggingar um mataræði](#) var áfram nýtt til að koma áreiðanlegum upplýsingum um næringu á framfæri.

### Samstarf um húðkrabbameinsforvarnir

Embætti landlæknis starfar með Geislavörnum ríkisins, húðlæknum og Krabbameinsfélaginu að húðkrabbameinsforvörnum. Samstarfshópurinn stendur fyrir árlegri könnun á notkun ljósabekkja á Íslandi, sem er framkvæmd af Gallup.

### Lýðheilsusjóður

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, úthlutaði í febrúar rúmum 90 milljónum króna í styrki úr Lýðheilsusjóði til 147 verkefna og rannsókna.

Styrkt voru fjölbreytt verkefni um land allt, ætluð öllum aldurshópum. Áhersla er lögð á að styrkja aðgerðir sem miða m.a. að því að efla geðheilsu barna og fullorðinna, áfengis-, vímu- og tóbaksvarnir, forvarnir og kynheilbrigði. [Sjá frétt](#).

Fjárhagsupplýsingar fyrir Lýðheilsusjóð eru á bls. 37.



## BROT ÚR FRÉTTUM ÁRSINS 2020

09.03.20 [Fréttatilkynning vegna skilgreindra áhættusvæða vegna COVID-19](#). Skíðasvæði í Ölpunum eru nú skilgreind áhættusvæði vegna veirunnar sem veldur COVID-19 sjúkdómi.

10.03.20 [Ráðgjöf vegna COVID-19 og mannamóta](#). Tilfellum nýju kórónaveirunnar hefur fjölgað hratt undanfarna daga og vikur. Um þessar mundir geisar alvarlegur faraldur veirunnar á Ítalíu og líkur er á að hún muni halda áfram útbreiðslu sinni í álfunni næstu vikur og mánuði.

13.03.20 [Samkomubann sett á vegna COVID 19](#). Heilbrigðisráðherra tilkynnti í morgun þá ákvörðun að virkja heimildir sóttvarnalaga til að takmarka samkomur tímabundið í fjórar vikur til að hægja á útbreiðslu COVID-19.

13.03.20 [COVID-19 og andleg heilsa](#). Nú þegar mikið er rætt um COVID-19 faraldurinn í samfélaginu er eðlilegt að margir finni fyrir áhyggjum og jafnvel kvíða yfir heilsu sinni og annarra.

14.03.20 [Uppfærsla á áhættumati Sóttvarnalæknis](#). Sóttvarnalæknir hefur hækkað áhættumat fyrir Spán, Þýskaland og Frakkland í ljósi útbreiðslu COVID-19 í þeim löndum.

18.03.20 [Útvíkkun áhættusvæða vegna COVID-19](#) Sóttvarnalæknir hefur ákveðið að útvíkka enn frekar hááhættusvæðin vegna COVID-19.

18.03.20 [Embætti landlæknis fagnar 260 ára afmæli í skugga COVID-19](#) Alma D. Möller, landlæknis skrifar í dag pistil í tilefni af 260 ára afmæli embættisins sem nú er fagnað í skugga COVID-19.

22.03.20 [Samkomur takmarkaðar enn frekar](#). Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið, í samræmi við tillögu sóttvarnalæknis, að takmarka samkomur enn frekar en áður vegna hraðari útbreiðslu COVID-19 í samfélaginu. Viðburðir þar sem fólk kemur saman verða takmarkaðir við 20 manns í stað 100 áður.

22.03.20 [Frestun valkvæðra skurðaðgerða vegna Covid-19](#) Heilbrigðisráðherra hefur fallist á erindi landlæknis og staðfest fyrir mæli embættisins um að öllum valkvæðum skurðaðgerðum og öðrum ífarandi aðgerðum, t.d. greiningarrannsóknnum verði hætt frá 23. mars til 31. maí næstkomandi.

25.03.20 [Ráð til foreldra langveikra barna og ungmenna](#). Embætti landlæknis hefur tekið saman ráðleggingar til foreldra langveikra barna og ungmenna. Með ráðleggingunum er vonast til að foreldrar geti skipulagt umhverfi sitt miðað við þær aðstæður sem eru uppi vegna COVID-19

27.03.20 [Heilræði á tímum kórónuveiru](#). Lýðheilsusvið embættis landlæknis hefur tekið saman 10 heilræði sem byggja á niðurstöðum rannsókna á því hvað er gagnlegt að gera til að hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan.

01.04.20 [COVID-19: Smitrakning með aðstoð apps](#). Nú er lokið gerð s.k. smittrakningar-apps sem er nýjung og liður í viðamiklum aðgerðum til að hægja á og vonandi minnka útbreiðslu veirunnar sem veldur COVID-19.

02.04.20 [Góð ráð til foreldra á tímum COVID-19 faraldursins](#). Embætti landlæknis, heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið hafa tekið höndum saman við útgáfu góðra ráða til foreldra á tímum COVID-19 faraldursins.

24.04.20 [Vísindamenn rannsaka líðan þjóðarinnar á tímum COVID-19](#) Allir einstaklingar eldri en 18 ára hvattir til að taka þátt í rannsókninni á vefsíðunni lidanicovid.is

06.05.20 [Starfsleyfaskrá – heilbrigðisstarfsmenn](#). Skrá yfir heilbrigðisstarfsmenn með gilt starfsleyfi hér á landi er nú aðgengileg á heimasíðu embættis landlæknis.

14.05.20 [Rannsókn um tengsl íslenskra ungmenna við foreldra, vini og skóla](#). Embætti landlæknis hefur gefið út skýrsluna *Félagstengsl íslenskra ungmenna* sem unnin var af Ársæli Arnarssyni prófessor við menntavísindasvið HÍ, í samvinnu við embætti landlæknis.

18.05.20 [Kulnun - Hvað höfum við lært sem nýttist okkur nú?](#) Embætti landlæknis, VIRK og Vinnueftirlit ríkisins bjóða upp á eftirmiðdagsfund með Christinu Maslach, prófessor við Berkleyháskóla í Kaliforníu.

26.05.20 [Almannavarnastig lækkað niður á hættustig vegna COVID-19](#) Ríkislögreglustjóri, í samráði við sóttvarnalækni, hefur ákveðið að lækka almannavarnastig frá neyðarstigi niður á hættustig.

29.05.20 [Alþjóðlegur dagur án tóbaks er 31. maí](#). Dagur án tóbaks var fyrst haldinn á Íslandi árið 1979 en hefur verið haldinn árlega hér á landi frá árinu 1987.

02.06.20 [Ársskýrsla fæðingarskrár aðgengileg á vef landlæknis](#) Ársskýrsla fæðingaskráar, sem gefin hefur verið út frá árinu 1995, verður framvegis einnig aðgengileg á vef embættis landlæknis.

05.06.20 [Breytingar á notkun áfengis í mars og apríl](#). Til að athuga hvort breytingar yrðu á áfengisneyslu fullorðinna á tímum COVID-19, óskaði embætti landlæknis eftir að Gallup framkvæmdi könnun þar sem skoðuð yrði notkun áfengis hjá fullorðnum á tímabilinu mars til apríl 2020.

05.06.20 [Upplýsingar fyrir ferðamenn sem koma til Íslands eftir 15. júní 2020](#). Farþegum sem koma til landsins eftir 15. júní 2020 verður gefinn kostur á að fara í sýnatöku vegna COVID-19 fremur en að sitja 14 daga í sóttkví. Börn fædd árið 2005 og síðar eru undanþegin sýnatöku.

23.06.20 [Kynningarfundur um lýðheilsuvisu á Íslandi 2020](#). Í dag voru nýir lýðheilsuvisar eftir heilbrigðisumdæmum kynntir á Hótel Selfossi, Árborg. Er þetta í fimmta sinn sem lýðheilsuvisar embættis landlæknis eru gefnir út.

29.06.20 [Aðgengi að heilbrigðisþjónustu vegna notkunar áfengis og vímuefna - samantekt](#). Embætti landlæknis birtir nú í fyrsta sinn samantekt um aðgengi að heilbrigðisþjónustu vegna notkunar áfengis og vímuefna.

30.06.20 [Rangárþing ytra gerist Heilsueflandi samfélag – Rangárþing eystra gerist Heilsueflandi samfélag](#)

01.07.20 [Leiðbeiningar fyrir landsmenn á ferð erlendis](#). Sóttvarnalæknir hefur gefið út leiðbeiningar fyrir landsmenn á ferð erlendis meðan heimsfaraldur COVID-19 gengur yfir.

06.07.20 [Greinargerð komin út um stöðu á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum](#). Embætti landlæknis hefur tekið saman greinargerð Opnast í nýjum glugga þar sem fjallað er um stöðu á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum árið 2019 og á fyrstu mánuðum ársins 2020.

14.07.20 [Ferðamenn frá Danmörku, Noregi, Finnlandi og Þýskalandi undanþegnir skimun frá 16. júlí](#)

## BROT ÚR FRÉTTUM ÁRSINS 2020

15.07.20 [Fréttatilkynning frá almannavarnadeild og sóttvarnalækni](#). Tveir einstaklingar með íslenskt ríkisfang, sem völdu að fara í sóttkví við komu til landsins frá áhættusvæði, greindust á síðastliðnum sólarhring með COVID-19.

31.07.20 [Skimun til að meta útbreiðslu COVID-19 í íslensku samfélagi](#) Íslensk erfðagreining vinnur nú aftur að skimun einstaklinga fyrir COVID-19 í samvinnu við sóttvarnalækni. Tilgangurinn er að kanna útbreiðslu veirunnar hér á landi svo hægt sé að meta þörf fyrir frekari aðgerðir.

17.08.20 [Berum virðingu hvert fyrir öðru](#). Að gefnu tilefni. Á undanförunum árum hafa meiriháttar framfarir átt sér stað í réttindabaráttu hinsegin og kynsegin fólks, þar á meðal með tilliti til aðgengis að heilbrigðisþjónustu.

31.08.20 [Netspjall covid.is tekið í notkun](#). Netspjall covid.is var í dag tekið í notkun en það verður einnig aðgengilegt á COVID-19 síðu landlæknis.is.

10.09.20 [Stöndum saman gegn sjálfsvígum](#). Í dag, 10. september, er alþjóðlegur forvarnardagur sjálfsvíga. Þá minnumst við, eins og reyndar alla daga, þeirra sem hafa fallið fyrir eigin hendi, ástvina þeirra og fórum sérstaklega yfir forvarnir.

16.09.20 [Skeiða- og Gnúpverjahreppur gerist Heilsueflandi samfélag Grímsnes- og Grafningshreppur gerist Heilsueflandi samfélag](#)

30.09.20 [Heilsa og líðan Íslendinga á tímum COVID-19](#). Embætti landlæknis stendur fyrir rafrænum kynningarfundum þar sem kynntar verða nýjustu niðurstöður úr vöktun embættisins á heilsu og líðan Íslendinga.

30.09.20 [Bóluefni gegn árlegri influensu](#). Bóluefni gegn árlegri influensu er nú komið til landsins og verður tilbúið til afhendingar hjá Distica hf. frá 1. október.

01.10.20 [Tækniskólinn handhafi Gulleplisins 2020](#). Gulleplið 2020 var afhent í 10. sinn við háttíðlega athöfn í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði í dag.

01.10.20 [Rafrænt umboð í Heilsuveru, vegna afhendingar lyfja í apóteki](#) Frá og með 1. október 2020 er hægt að nota Heilsuveru til að veita umboð til afhendingar lyfja.

09.10.20 [Fjölgun COVID-19 tilfella á höfuðborgarsvæðinu](#). Sóttvarnalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ítreka tilmæli sín vegna fjölgunar í hópi þeirra sem smitast hafa af kórónuveirunni COVID-19 einkum á höfuðborgarsvæðinu síðustu daga og auknum líkum á veldisvexti í faraldrinum.

26.10.20 [Um fjöllun um bið eftir völdum skurðaðgerðum birt á vef Embætti landlæknis](#) hefur birt um fjöllun um bið eftir völdum skurðaðgerðum.

10.11.20 [Tilkynning frá landlækni vegna valkvæðra skurðaðgerða](#) Eins og kunnugt er var Landspítali settur á Neyðarstig í kjölfar hópsmits á Landakoti. Í kjölfar þess lagði landlæknir til að valkvæðum aðgerðum sem geta beðið, yrði frestað og staðfesti heilbrigðisráðherra fyrirmæli þar um með auglýsingu.

11.11.20 [Sjálfsvíg janúar - júní 2020](#). Embætti landlæknis hefur gefið út bráðabirgðatölur um sjálfsvíg fyrstu sex mánuði ársins 2020.

13.11.20 [Ársskýrsla sóttvarna og farsóttaskýrsla 2019 með sögulegum upplýsingum](#). Sóttvarnalæknir hefur gefið út á vef embættisins skýrslu um tilkynningarskýlda smitsjúkdóma árið 2019 ásamt yfirliti um starfsemi sóttvarnalæknis á árinu.

13.11.20 [Umsóknir um starfsleyfi heilbrigðisstétta sem eru sendar til umsagnar](#). Embætti landlæknis vekur athygli á því að umsóknir um starfsleyfi/sérfræðileyfi, sem grundvallast á menntun í EES-riki eða Sviss, eru sendar til umsagnar til viðeigandi menntastofnunar eða fagfélags hér á landi.

19.11.20 [Upplýsingar um bóluefni gegn COVID-19](#). Undanfarið hafa birst fréttir í íslenskum fréttamiðlum um stöðuna á opinberum innkaupum á bóluefnum gegn COVID-19 og um undirbúning á framkvæmd bólusetningarinnar þegar til hennar kemur.

30.11.20 [Endurskoðun opinberra ráðlegginga um hreyfingu að hefiast](#). Í kjölfar útgáfu endurskoðaðra ráðlegginga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um hreyfingu hefur embætti landlæknis sett á fót faghóp um endurskoðun opinberra ráðlegginga um hreyfingu.

04.12.20 [Ný skýrsla um námsefni og heildræna nálgun til að efla félags- og tilfinningafærni í skólum](#). Embætti landlæknis hefur gefið út skýrslu um námsefni og heildarskólánálgun (e. whole-school approach) til að

efla jákvæða hegðun og félags- og tilfinningafærni barna og ungmenna í skólum.

10.12.20 [Vottorð vegna fyrri sýkingar af völdum COVID-19 tekin gild á landamærum](#). Frá og með deginum í dag, 10. desember 2020 verður ekki bara tekið á móti vottorði um staðfesta COVID-19 sýkingu á Íslandi því einnig verða sambærileg erlend vottorð frá löndum innan EES/EFTA-svæðis tekin gild á landamærum Íslands

14.12.20 [Forseti Íslands afhenti verðlaun Forvarnardagsins](#). Verðlaunaafhending Forvarnardagsins fór fram á Bessastöðum, 12. desember að viðstöddum forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannessyni.

17.12.20 [Fyrstu bólusetningar gegn COVID-19 hefjast eftir jóla](#) Eins og fram hefur komið þá hefur Ísland þegar tryggt sér bóluefni fyrir stóran hluta þjóðarinnar. Samningur við bóluefnaframleiðandann Pfizer hljóðar upp á bóluefni fyrir um 85.000 einstaklinga og við Astra-Zeneca upp á fyrir um 115.000 einstaklinga. Samningar við fleiri framleiðendur eru í burðarliðnum.

17.12.20 [Vegna umræðu um dreifingu bóluefna gegn COVID-19](#) Að gefnu tilefni vill sóttvarnalæknir taka fram að á þessari stundu liggja einungis fyrir áreiðanlegar upplýsingar um afhendingu fyrstu skammta bóluefnis frá Pfizer.

23.12.20 [Nýtt afbrigði SARS-CoV-2 sem veldur COVID-19 í Bretlandi](#) Síðustu vikur hefur orðið mikil aukning á COVID-19 tilfellum í Bretlandi, sérstaklega í Suð-Austur Englandi, sem leiddi til ítarlegri rýni í faraldsfræði sjúkdómsins og rannsókna á veirunni þar í landi. Afbrigðið er nefnt SARS-CoV-2 VUI.

24.12.20 [Fréttatilkynning vegna viðræðna við Pfizer/BioNTech](#) Vegna fréttanna í gær og í dag um viðræður Kára Stefánssonar við bóluefnaframleiðandann Pfizer BioNTech um kaup á viðbótarbóluefni gegn COVID-19 hingað til lands og hugmynd þess efnis að Ísland gæti orðið rannsóknarsetur fyrir áframhaldandi virkni og verkun bóluefnis þá er rétt að eftirfarandi komi fram.

## ALPJÓÐLEGT SAMSTARF

Embætti landlæknis tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi með alþjóðastofnunum og samtökum á Norðurlöndum, í Evrópu og á heimsvísu. Á árinu voru samskipti og fundir nær eingöngu í gegnum fjarfundabúnað.

### Norrænt samstarf

Samstarf embættisins við Norðurlönd á ýmsum sviðum á sér langa sögu, ekki síst samstarf embættisins við systurstofnanir á Norðurlöndum. Árið 2020 hittust norrænir landlæknar á fjarfundi.

### Utanspítalabjónusta á Norðurlöndum

Vinnuhópurinn *Nordisk samarbeid om standardisering, datainnsamling og benchmarking av prehospitaler tjenester* var skipaður árið 2014. Embætti landlæknis tók þátt í starfi hópsins en honum var ætlað að staðla viðmið og safna gögnum svo hægt væri að mæla, meta og bera saman utanspítalabjónustu á Norðurlöndunum.

### Svalbarðahópurinn

Sóttvarnalæknir er fulltrúi Íslands í norrænum samstarfshópi (Svalbarðshópi) um viðbúnað við heilsuvá á samt fulltrúa frá Landspítala.

### Samnorrænn hópur um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi (One Health Strategy Group).

Sóttvarnalæknir er fulltrúi Íslands í hópnum sem var stofnaður á árinu 2016. Sóttvarnalæknir er enn fremur fulltrúi Íslands í samnorrænum hópi um bóluefni, sjaldgæf mótefni og anti-toxín.

### NOMESKO

NOMESKO (*Nordisk Medicinalstatistik Komité*) er norræn nefnd um heilbrigðistölfræði sem vinnur að því að skapa grundvöll fyrir samanburð heilbrigðisupplýsinga milli Norðurlandanna. Stærstur hluti þeirra heilbrigðisupplýsinga sem árlega er sendur til NOMESKO er unninn af starfsfólki á heilbrigðisupplýsingasviði embættisins. Á sviðið tvo fulltrúa í hinni norrænu nefnd, fulltrúa sem

gegnir formennsku fyrir Íslands hönd og fulltrúa í ritnefnd. Eins og gefur að skilja setti heimsfaraldur COVID-19 sitt mark á norrænt samstarf á árinu 2020. Umfangsmesta verkefni 2020 var þróun og innleiðing á hugbúnaði fyrir úrvinnslu og gagnvirka framsetningu tölfræðiupplýsinga á sviði félags- og heilbrigðismála. Gagnvirk birting á vef mun auðvelda aðgengi haghafa að tölulegum upplýsingum sem nýta má til stefnumótunar auk markvissrar miðlunar á þekkingu á sviði félags- og heilbrigðismála. Til stóð að taka í notkun nýja sameiginlega vefsíðu NOMESKO og NOSOSKO, norrænnar hagsýslunefndar, á síðastliðnu ári en vegna COVID-19 seinkaði því verkefni. Vefsíðan verður formlega opnuð 21. júní 2021.

### Norræna skráningarmiðstöðin (Nordisk senter for klassifikationer i helsetjenesten)

Starfsmaður Miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna er fulltrúi Íslands í stjórn Norrænu skráningarmiðstöðvarinnar. Miðstöðin er viðurkennt samstarfssetur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) á sviði flokkunarkerfa (*Collaborating Centre in Nordic Countries for the WHO Family of International Classifications, WHO -FIC*).

Þar er unnið að samhæfingu varðandi skráningu í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum á grunni alþjóðlegra og norrænna flokkunarkerfa. Á vegum miðstöðvarinnar er virk þátttaka í þróun alþjóðlegra flokkunarkerfa WHO, bæði með stjórnarsetu vegna WHO-FIC og beinni þátttöku í þróun þeirra.

### Norrænt samstarf í heilbrigðisupplýsingatækni (Nordic Council of Ministers eHealth Group)

Starfsmaður Miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna er fulltrúi Íslands í stýrihóp um eHealth sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (MR-S). Hvert land á einn fulltrúa í stýrihópnum og var fulltrúi Íslands settur formaður hópsins frá maí 2019-desember 2020. Tilgangur hópsins er að styðja við Norrænt samstarf í upplýsingatækni á heilbrigðisviði. Nefndin hefur starfað frá árinu 2011.

### Norrænt samstarf varðandi samræmingu staðla (Nordic eHealth Research Network (NeRN))

Er undirhópur *Nordic Council of Ministers eHealth Group*, sem vinnur að samræmingu á stöðlum til að hægt sé að fá raunhæfan samanburð á stöðu upplýsingatækni á heilbrigðisviði á milli Norðurlandanna til notkunar fyrir stefnumótun stjórnvalda í þeim málum. Starfsmaður Miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna er fulltrúi Íslands í hópnum sem hefur starfað frá árinu 2012.

### Norrænt samstarf við samræmingu staðla fyrir miðlun sjúkraskrárupplýsinga (Nordic eHealth Standardization Group)

Er undirhópur *Nordic Council of Ministers eHealth Group* og vinnur að samræmingu á stöðlum er viðkoma miðlun sjúkraskrárupplýsinga á milli aðila í heilbrigðisþjónustu, sem og skráningu í sjúkraskrár. Starfsmaður Miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna er fulltrúi Íslands í hópnum, sem hefur starfað frá árinu 2019.

### Norrænt samstarf varðandi fjarheilbrigðisþjónustu (VOPD Working Group)

Á árinu 2018 hófst samstarfsverkefni á milli Norðurlandanna á vegum Nordic Council of Ministers um fjarheilbrigðisþjónustu. Starfsmaður Miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna er fulltrúi í verkefninu, sem er ætlað að bera kennsl á vel virkandi lausnir, sem styðja við fjarheilbrigðisþjónustu og finna leiðir til að ýta undir notkun þeirra.

### Samstarf um starfsleyfi löggiltra heilbrigðisstétta

Embætti landlæknis tekur þátt í norrænu samstarfi um starfsleyfi löggiltra heilbrigðisstétta. Byggir það samstarf á samningi landanna um gagnkvæma viðurkenningu á starfsleyfum heilbrigðisstarfsmanna. Tveir fundir eru haldnir á hverju ári og að þessu sinni voru haldnir fjarfundir.

## ALPJÓÐLEGT SAMSTARF

### Scandiatransplant

Norræn líffæraígræðslusamtök með aðild Íslands, Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands. Fulltrúi embættisins sækir fundi á vegum Scandiatransplant einu sinni á ári. Þátttakendur á fundunum eru stjórnarnefnd Scandiatransplant (*Board of Scandiatransplant*) ásamt framkvæmastjóra og fulltrúum frá stofnunum sem hafa hlutverk lögbærs stjórnvalds í áður-nefndum löndum.

### Norrænt samstarf um áfengis- og vímuvarnir

Norrænn samstarfshópur um áfengisforvarnir (*Nordiska tjänstemannagruppen på alkoholområdet*) og norræni samstarfshópurinn um vímuefni (*Nordiska tjänstemannagruppen för narkotikafrågor*) funduðu rafrænt á árinu. Á fundinum um áfengisforvarnir var meðal annars fjallað um nýjar áskoranir og áhrif COVID-19 á áfengisdrykkju. Hvort draga megi af því lærdóm. Á fundinum um önnur vímuvarnir var meðal annars fjallað um aðgerðir og lærdóm vegna COVID-19, dauðsföll á Norðurlöndunum vegna vímuefna og mögulegar fyrirbyggjandi aðgerðir. Fulltrúi embættisins er í ritstjórn Nordic studies on Alcohol and Drugs ([NAD](#)).

### Norræna lýðheilsuráðstefnan

Skipulagshópur Norrænu lýðheilsuráðstefunnar, sem haldin er þriðja hvert ár. Ráðstefnan verður næst haldin á Íslandi 27.-29. júní 2022.

### Norrænt fagråd um geðheilsu og vellíðan

Samstarf norræns fagráðs um geðheilsu og vellíðan.

### Norrænt samstarf um sjálfsvígisforvarnir

Norrænn vinnuhópur um sjálfsvígisforvarnir á Norðurlöndum var stofnaður árið 2019.

### Norrænn vinnuhópur um geðheilsu

Verkefnisstjóri geðræktar situr í norrænum vinnuhópi um geðheilsu, ásamt fulltrúum annarra sambærilegra stofnana á Norðurlöndum.

### Norrænt samstarf um næringu

Vinnuhópurinn *Nordisk kost, mat og toxicologi* (NKMT). Endurskoðun stendur yfir á norrænum næringarráðleggingum (NNR6) og á embættið fulltrúa í stýrihópi fyrir ráðleggingarnar og vinnuhópum fyrir ráðlagðan dagskammt fyrir kalkneyslu sem og tengsl milli neyslu á fiski og sjávarfangi við ýmsa langvinna sjúkdóma.

Norrænt samstarf er um matvælamerkið Skráargatið og voru fjölmargir fjarfundir haldnir árinu en unnið var að endurskoðun á reglugerð fyrir merkið sem tók gildi 1. mars 2021. Fjarfundir voru haldnir í norræna vinnuhópnum um kannanir á mataræði og var sett í gang verkefni þar sem hvert land reiknaði út neyslu fæðuflokka/fæðutegunda, orkuefna og næringarefna á fyrirfram gefnum sjö daga matseðli. Í framhaldinu var haldin vinnustofa þar sem niðurstöður voru kynntar, bornar saman og ræddar.

### Norrænt samstarf á sviði hreyfingar

Samráðshópur norrænna sérfræðinga á sviði hreyfingar, sem fundar árlega í tengslum ráðstefnu *HEPA Europe*. Viðburðurinn féll niður á árinu en þess í stað var fjarfundum fjölgað. Þrír fundir voru haldnir þar sem meginviðfangsefnið var endurskoðun ráðlegginga um hreyfingu.

### Norrænt samstarf á sviði tóbaksvarna

Árlegur fundur sérfræðinga á sviði tóbaksvarna var haldinn með fjarfundabúnaði. Danir stýrðu fundinum að þessu sinni sem haldinn var 16. nóvember 2020. Farið var yfir stöðu tóbaksvarna á Norðurlöndunum og borin saman tíðni notkunar á tóbaksvörum. Auk þess var fjallað um staðgönguvörur tóbaks á borð við tóbakslausu nikótínþúða.

## Evrópusamstarf

### EPSO

Embætti landlæknis er aðili að EPSO (*European Partnership for Supervisory Organisations in Health Services and Social Care*) sem er óformlegur samstarfsvettvangur eftirlitsstofnana í Evrópu. EPSO heldur fundi tvisvar á ári. Annað hvert ár er fundurinn haldinn í tengslum við fund norrænna eftirlitsstofnana. Þátttaka embættisins í þessu samstarfi hefur skilað sér í endurbættu verklagi við úttekktir.

### Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC)

Embætti landlæknis tekur þátt í starfi Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (*The European Centre for Disease Prevention and Control* (ECDC)), sem grein, metur og miðlar upplýsingum um smitsjúkdóma. Stofnunin starfar með stofnunum innan Evrópu og á heimsvísu.

### PaRIS-verkefni

Heilbrigðisráðuneytið ákvað að taka þátt í a.m.k. fyrsta áfanga svokallaðs PaRIS - verkefnis (*Patient- Reported Indicators Survey*). Verkefnið felur í sér alþjóðlega könnun á útkomu og reynslu sjúklinga með langvinnan heilsufarsvanda (*An International Survey on Outcome and Experiences of Patients with Chronic Conditions*).

### Stýrihópur Evrópusambandsins um heilsueflingu og forvarnir

Fulltrúar embættisins eiga sæti í stýrihópi Evrópusambandsins um heilsueflingu og forvarnir (*European Commission Steering Group on Health Promotion, Disease Prevention and Management of Non-Communicable Diseases* (SGPP)) og sækja eftir því sem við á fundi á hans vegum.

### Heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins

Á árinu var sóttur fundur samstarfs styrktaráætlunar Evrópusambandsins í heilbrigðismálum (*EU Health programme 2014 – 2020. National focal point meeting*).

## ALPJÓÐLEGT SAMSTARF

### Evrópuverkefni JA CHRODIS og JA CHRODIS+

Embætti landlæknis tók þátt í Evrópuverkefninu JA CHRODIS+ sem stóð frá september 2017 til ágúst 2020. Meginmarkmið verkefnisins var að styðja Evrópulönd í að innleiða árangursríkt starf á sviði heilsueflingar, forvarna og meðferðar á langvinnum sjúkdómum. Heilbrigðisráðuneytið og embætti landlæknis áttu fulltrúa í stjórn JA CHRODIS+ og tók embættið þátt í tveimur vinnupökkum (WP4 og WP5). Embættið átti farsælt samstarf við Janus heilsueflingu vegna þess sem tengdist heilsueflingu eldra fólks. [Nánari upplýsingar](#).

### Evrópskt samstarf á sviði tóbaksvarna

Embætti landlæknis tók þátt í Evrópuverkefninu Joint action on Tobacco (JATC). Verkefnið miðaði að því að samræma og samhæfa vinnubrögð og tækni við að mæla og halda utan um upplýsingar innihald tóbaksvara. Þessu þriggja ára samstarfs verkefni lauk í desember 2020.

Fulltrúi embættisins sótti Evrópsku tóbaksvarnaráðstefnuna *Tobacco or Health* (ECToH) sem fór fram dagana 19 - 22. febrúar í Berlín.

### Samstarf um áfengis- og vímuvarnir—Pompidou

Sótt var námskeið hjá [Pompidou](#), samstarfsvettvangi Evrópuráðsins um stefnumótun í vímuvarnum. Fulltrúi embættisins var með erindi um hlutverk foreldra í forvörnum.

### Evrópuverkefnið UPRIGHT

Embætti landlæknis tekur þátt í Evrópuverkefninu *Upright* sem stendur frá janúar 2018 til desember 2021. Meginmarkmið verkefnisins er að þróa námsefni fyrir unglinga, sem stuðlar að vellíðan með því að efla seiglu þeirra og getu til að takast á við krefjandi verkefni unglingsáranna. Embættið leiðir vinnupakka 6; *Dissemination, outreach and policy recommendations*. [Nánari upplýsingar](#).

### Samstarf um næringu og hreyfingu

Evrópskur samstarfshópur á sviði næringar og hreyfingar „EU high level meeting on nutrition and physical activity“.



Frá fundi Evrópuverkefnisins *Upright* í febrúar.

### Evrópska Matvæla- og Öryggisstofnunin (EFSA)

Þátttaka í nefnd Evrópsku Matvæla- og Öryggisstofnunarinnar *Scientific Network on Food Consumption Data*.

### Samstarf um hreyfingu til heilsubótar

Embættið er aðili að *HEPA Europe*, evrópsku neti sérfræðinga um hreyfingu til heilsubótar, sem vinnur náið með Evrópuskrifstofu WHO. Árlegum fundi og ráðstefnu *HEPA Europe*, sem vera átti í Nice, var frestað.

### Samtök um heilsueflandi skóla í Evrópu

Embætti landlæknis er aðili að netverki Samtaka heilsueflandi skóla í Evrópu (*Schools for Health in Europe Network Foundation, SHE*). Sóttir voru tveir rafrænir fundir og rafræn vinnustofa, á árinu. Mikið af stuðningsefni fyrir heilsueflingu í skólum hefur verið gefið út á vegum SHE á árinu og tók fulltrúi embættisins þátt í þeirri vinnu.

### Evrópusamtök um jákvæða sálfræði

Embættið á aðild að Evrópusamtökum um jákvæða sálfræði (*European Network for Positive Psychology*). Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri á sviði lýðheilsu er forseti samtakanna.

## Alþjóðlegt samstarf

### Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)

Sóttvarnalæknir er lögum samkvæmt landstengiliður við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina, sem er skuldbindandi samningur á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Hann hefur sem slíkur það hlutverk að taka við aðvörðunum frá WHO og sjá til þess að til viðeigandi sóttvarnaráðstafana sé gripið. Þá skal hann einnig koma áleiðis til WHO upplýsingum um atburði sem ógna lýðheilsunni hér á landi er varða alþjóðasamfélagið.

### Heilbrigðistölfræði

Heilbrigðisupplýsingasvið vinnur og sendir árlega gögn í gagnagrunninn *Health For All Database* (HFA-DB) sem haldinn er hjá Evrópuskrifstofu WHO. Þá eru gögn unnin og þeim miðlað reglulega í heilbrigðistölfræðigrunn OECD. Sviðið leggur einnig fram gögn til vinnu við þróun gæðavísu á heilbrigðissviði hjá OECD.

### Samstarf á sviði næringar

Þátttaka í samstarfshópi á sviði næringar hjá WHO, sem *Nutrition counterpart*.

### Vinnuhópur OECD varðandi val á gæðavísu, söfnun gagna, túlkun þeirra og miðlun

Embætti landlæknis tekur þátt fyrir hönd Íslands í starfi *Working Party on Health Care Quality and Outcomes*, en það er hópur skipaður fulltrúum allra aðildarríkja OECD sem sinnir rýni og ráðgjöf gagnvart stofnuninni varðandi val á gæðavísu, söfnun gagna, túlkun þeirra og miðlun.

### Alþjóðlegt fagorðasafn

Miðstöð rafrænnar sjúkraskrár á fulltrúa í stjórn alþjóðlegu samtakanna *SNOMED-CT International* sem eiga og reka eitt stærsta alþjóðlega fagorðasafn á sviði heilbrigðismála sem er í notkun í dag.

## ÚTGEFIÐ EFNI ÁRIÐ 2020

### Skýrslur

Úttekt. Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA). Útg. rafrænt í febrúar 2020.

Eftirfylgni úttektar. Hjúkrunarheimilið Skógarbær. Útg. rafrænt í mars 2020.

Eftirfylgni úttektar. Hjúkrunarheimilið Skjól. Útg. rafrænt í september 2020.

Eftirlit í faraldri -fyrsta bylgja - heilbrigðisþjónusta. Útg. rafrænt í október 2020.

Vandi vegna áfengis og/eða annarra vímuefna: Bið eftir heilbrigðisþjónustu. Útg. rafrænt í júní 2020.

Staða á biðlistum eftir liðskiptaaðgerðum í desember 2019. Útg. rafrænt í febrúar 2020.

Ársskýrsla sóttvarna 2019. Starfsemi sóttvarnalæknis, tilkynningarskyldir sjúkdómar, farsóttagreining, sögulegar upplýsingar árið 2019. Útg. rafrænt í nóvember 2020.

Ársskýrsla Embættis landlæknis 2019. Gefin út rafrænt 7. september 2020. Ábyrgðarmaður: Alma D. Möller. Ritstjóri: Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir.

Námsefni og heildarskólanálgun til að efla jákvæða hegðun og félags- og tilfinningafærni í íslenskum skólum. Útg. rafrænt í nóvember 2020.

Félagstengsl íslenskra barna og ungmenna. Reykjavík: Embætti landlæknis. Útg. rafrænt í maí 2020.

Nordic eHealth Benchmarking. Towards evidence informed policies. Christian Nohr, Arild Faxvaag, Chen Hsi Tsai, Gudrun Audur Hardardóttir, Hannele Hypponen, Hege Kristin Andreassen, Heidi Gilstad, Hedinn Jonsson, Jarmo Reponen, Johanna Kaipio, Maja Voigt Ovlisen, Maarit Kangas, Pernille Bertelsen, Sabine Koch, Sidsel Villumsen, Thomas Schmidt, Tuulikki Vehko and Vivian Vimarlund. TemaNord 2020:505. ISSN 0908-6692. <http://dx.doi.org/10.6027/temanord2020-505> ©Nordic Council of Ministers 2020

Allar tegundir útgáfu embættisins sem hér hafa verið taldar má nálgast á vef Embættis landlæknis undir valmyndinni [Útgefið efni](#).

### Handbækur og leiðbeiningar

Á annað hundrað leiðbeiningar varðandi COVID-19 og bólusetningar voru gefnar út af sóttvarnasviði. Voru þær stöðugt uppfærðar í samræmi við gildandi samkomutakmarkanir, breytingar á landamærum o.fl. Þær voru þýddar og uppfærðar á ensku, pólsku, spænsku og litháísku. Ákveðnar leiðbeiningar komu einnig út á öðrum tungumálum, á vef landlæknis og covid.is. Allar leiðbeiningar eru birtar á [vef embættis landlæknis](#) og hlekkjað á flestar þeirra frá [covid.is](#)

[Leikskólar og börn. COVID-19](#). Leiðbeiningar sem voru unnar af embætti landlæknis. Teikningar eftir Stefaníu Emilsdóttur

[Kórónaveiran á auðlesnu máli](#). Leiðbeiningar unnar í samstarfi við Landsamtökin Proskahjálp og heilbrigðisráðuneytið. Komu einnig út á ensku og pólsku.

[Handbók fyrir grunnskólarmötuneyti](#). Endurskoðuð útgáfa sem tekur mið af ráðleggingum um mataræði. Útg. rafrænt í desember 2020.

[Síðdegishressing í heilsdagsskólum, frístunda- og æskulýðsstarfi-Ráðleggingar um matarframboð](#). Útg. rafrænt í október 2020.

Hvernig líður þér?, leiðbeiningar ætlaðar þeim sem upplifa að lífið sé ekki þess virði að lifa því. Gefið út á íslensku, ensku og pólsku, í samstarfi við hjálparsíma Rauða krossins 1717 og Pieta samtökin. Útg. rafrænt í september 2020.

Í kjölfar sjálfsvígs, leiðbeiningar ætlaðar syrgjendum og aðstandendum. Gefið út í samstarfi við Pieta samtökin og Sorgarmiðstöð. Útg. rafrænt í september 2020.

[Þekkir þú einhver sem gæti verið að ihuga sjálfsvíg?](#) Gefið út í samstarfi við hjálparsíma Rauða krossins 1717 og Pieta samtökin. Útg. rafrænt í september 2020.

[Ráðleggingar sem stuðla að betri svefni](#). Útg. rafrænt í mars 2020.

### Töflur með tölulegum upplýsingum

Hægt er að nálgast efnisflokkad yfirlit yfir útgefið talnaefni embættisins á vefsíðunni [Allt talnaefni](#).

**covid.is**

## MÖGULEGT SMIT?

**Finnur þú fyrir eftirfarandi einkennum?**

**Einkenni COVID-19 sýkingar eru ekki alltaf þau sömu, en minna á venjulega flensu**

- ▶ hiti
- ▶ hálsáerindi
- ▶ hósti
- ▶ slappleiki
- ▶ bein- og vöðvaverkir
- ▶ skyndileg breyting eða tap á bragð- og lyktarskyni

**Ef þig grunar að þú sért með smit:**

- ▶ Haltu þig heima
- ▶ Hafðu samband í síma við heilsugæsluna þína, í gegnum netspjall á [heilsuvera.is](#) eða Læknavaktina í síma 1700.
- ▶ Heilbrigðisstarfsfólk ráðleggur þér um næstu skref.

**Grunar þig að einhver í þínu nærumhverfi sé smitaður/smituð?**

- ▶ Gættu þess að eiga ekki í nánu samneyti við viðkomandi.
- ▶ Ráðleggðu viðkomandi að hafa samband við heilsugæsluna, netspjall Heilsuveru eða 1700 til að ræða einkenni sín og fá ráð um hvernig best er að bregðast við.

### Veggspjöld

[Heilræði á tímum kórónuveiru](#). Gefin út rafrænt í mars 2020. Heilræðin voru einnig gefin út á ensku og pólsku.

[Foreldrahlutverkið á tímum COVID-19](#). Gefið út rafrænt í apríl 2020.

Ýmis veggspjöld og merkingar vegna COVID-19. Unnið í samstarfi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Textað á ýmis tungumál og birt á covid.is. Kynningarefnið var unnið í samstarfi við auglýsingastofuna Hvíta húsið. Birt á [covid.is](#)

## ÚTGEFIÐ EFNI ÁRIÐ 2020

*Höldum bilinu. COVID-19.* Veggspjald gefið út rafrænt í samstarfi við Landspítalann, byggt á efni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO.

*Dragðu úr sýkingarhættu.* Veggspjald gefið út rafrænt í samstarfi við Landspítalann, byggt á efni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO.

*Örugg samskipti fyrir helstu áhættuhópa á tímum COVID-19.* Veggspjald gefið út rafrænt í samstarfi við Landspítalann, byggt á efni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO.

*Skynsamleg notkun almennings á einnota hönskum og grímum.* Veggspjald gefið út rafrænt í samstarfi við Landspítalann, byggt á efni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO.

*Hvernig líður þér? Alþjóðlegur forvarnadagur sjálfsvíga.* Gefið út í samstarfi við hjálparsíma Rauða krossins 1717 og Pieta samtökin. Útg. rafrænt í september 2020.

Forvarnadagurinn. Veggspjöld með skilaboðum varðandi áherslur dagsins.

### Myndbönd

Myndbönd og auglýsingar vegna COVID-19. Unnið í samstarfi við almanna-  
varnadeild ríkislögreglustjóra. Efnið var textað á ýmis tungumál og birt á [covid.is](https://www.covid.is). Kynningarefnið var unnið í samstarfi við auglýsingastofuna Hvíta húsið.

### Fréttabréf

*Farsóttufréttir – Fréttabréf sóttvarnalæknis.* 12. árgangur. Samtals fjögur tölublöð komu út á árinu 2020. Ábyrgðarmaður: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. Ritstjóri: Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi.

*Talnabrunnur – Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfræði.* 14. árg., samtals níu tölublöð komu út á árinu 2020. Ábyrgðarmaður: Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri. Ritstjóri: Hildur Björk Sigbjörnsdóttir verkefnisstjóri.

*EPI-ICE. An electronic newsletter from the Chief Epidemiologist for Iceland.* Volume 13. Samtals þrjú tölublöð komu út á árinu 2020. Ábyrgðarmaður: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. Ritstjóri: Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

### Dreifibréf

Dreifibréf nr. 1/2020. Joð á meðgöngu. Sent 4. febrúar 2020.  
Dreifibréf nr. 2/2020. Sýnataka vegna COVID-19. Sent 2. júlí 2020.  
Dreifibréf nr. 3/2020. Bólusetning gegn árlegri influensu. Sent 17. september 2020.

### Ritrýndar vísindagreinar og skylt efni

Spread of SARS-CoV-2 in the Icelandic Population. N Engl J Med. 2020 Jun 11;382(24):2302-2315. doi: 10.1056/NEJMoa2006100. **Guðnason et al.**


[COVID-19- what have we learned and where are we heading?]. Laekna-  
bladid. 2020 Oct;106(10):449. **Guðnason T**.

Humoral Immune Response to SARS-CoV-2 in Iceland. N Engl J Med. 2020 Oct 29;383(18):1724-1734. **Guðnason et al**

Roxanna Morote, Carlota Las Hayas, Irantzu Izco-Basurko, Frederik Anyan, Ane Fullaondo, Valeria Donisi, Antoni Zwielfka, **Dora Gudrun Gudmundsdóttir**, Mette Marie Ledertoug, **Anna S. Olafsdóttir**, Silvia Gabrielli, Sara Carbone, Iwona Mazur, Anna Króllicka-Deregowska, Hans Henrik Knoop, Nina Tange, **Ingibjörg V Kaldalóns**, **Bryndís Jóna Jónsdóttir**, Ana González Pinto, Odin Hjerdal. *Cocreation and Regional Adaptation of a Resilience-based Universal Whole-school Program in five European Regions.* European Educational Research Journal 2020:1–27. DOI: 10.1177/1474904120947890

Roxanna Morote; Frederick Anyan; Carlota Las Hayas; Silvia Gabrielli; Antoni Zwielfka; **Dora Gudrun Gudmundsdóttir**; Mette Marie Ledertoug; **Anna S. Olafsdóttir**; Irantzu Izco-Basurko; Ane Fullaondo; Iwona Mazur; Anna Króllicka-Deregowska; Hans Henrik Knoop; Odin Hjerdal; on behalf of the UPRIGHT Consortium. *Development and validation of the theory-driven School Resilience Scale for Adults: preliminary results.* Children and Youth Services Review 2020;119. DOI: 10.1016/j.chilyouth.2020.105589

Frederick Anyan, Roxanna Morote, Carlota Las Hayas, Silvia Gabrielli, Iwona Mazur, **Dora Gudrun Gudmundsdóttir**, Nerea González, Anna Króllicka-Deregowska, Antoni Zwielfka, **Anna S. Olafsdóttir** and Odin Hjerdal, on behalf of UPRIGHT Project. *Measuring Resilience Across Participating Regions in the UPRIGHT EU Horizon 2020 Project: Factor Structure and Psychometric Properties of the Resilience Scale for Adolescents.* Frontiers in Psychology 2021; 12. DOI: 10.3280/psc2020-002007



„Coraggio“ eftir ítalska listamanninn Milo Manara.

## FJÁRHAGUR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS 2020

### Fjármálin 2020




Embætti landlæknis leggur áherslu á vandaða áætlanagerð og fjármálastjórn. Fjárhagsupplýsingar embættisins og Lýðheilsusjóðs eru gerðar í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Hér hægra megin á síðunni eru birtir ársreikningar embættis landlæknis fyrir 2020 en fyrir neðan má sjá þróun lykiltalna úr rekstrinum. Hækkun útgjalda má fyrst og fremst rekja til COVID-19 en beinn kostnaður vegna heimsfaraldursins nam 162 m.kr. á árinu 2020.

Ársreikningar Lýðheilsusjóðs eru birtir á blaðsíðu 37.

### Embætti landlæknis

Rekstrarreikningur	Árið 2020	Árið 2019	Efnahagsreikningur	Árið 2020	Árið 2019
<b>Tekjur:</b>			<b>Eignir:</b>		
Sértekjur	20.756.148	15.728.759	Fastafjármunir	38.140.784	24.192.972
Markaðar tekjur			Veltufjármunir	253.847.353	189.704.165
Aðrar rekstrartekjur	286.705.051	215.585.175	<b>Eignir alls</b>	<b>291.988.137</b>	<b>213.897.137</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>307.461.199</b>	<b>231.313.934</b>			
<b>Gjöld:</b>			<b>Skuldir og eigið fé:</b>		
Almennur rekstur	1.811.690.272	1.700.226.794	Höfðustóll	-12.521.160	-48.919.053
Stofnkostnaður			Hagnaður/-tap ársins		
<b>Gjöld alls</b>	<b>1.811.690.272</b>	<b>1.700.226.794</b>	<b>Eigið fé í árslok</b>	<b>-12.521.160</b>	<b>-48.919.053</b>
Tekjur umfram gjöld	-1.504.229.073	-1.468.912.860	Langtímaskuldir		
Framlag úr ríkisjóði	1.540.400.000	1.325.800.000	Skammtímaskuldir	304.509.297	262.816.190
			<b>Skuldir alls</b>	<b>304.509.297</b>	<b>262.816.190</b>
<b>Hagnaður/-tap ársins</b>	<b>36.170.927</b>	<b>-143.112.860</b>	<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>291.988.137</b>	<b>213.897.137</b>



## FJÁRHAGUR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS 2020

### Lýðheilsusjóður

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, útlutaði í febrúar rúmum 90 milljónum króna í styrki úr Lýðheilsusjóði til 147 verkefna og rannsókna.

Styrkt voru fjölbreytt verkefni um land allt, ætluð öllum aldurshópum. Áhersla er lögð á að styrkja aðgerðir sem miða m.a. að því að efla geðheilsu barna og fullorðinna, áfengis-, vímu- og tóbaksvarnir, forvarnir og kynheilbrigði. [Sjá frétt.](#)

Embætti landlæknis annast daglega umsýslu og reikningshald Lýðheilsusjóðs.

Lýðheilsusjóður					
Rekstrarreikningur	Árið 2020	Árið 2019	Efnahagsreikningur	Árið 2020	Árið 2019
<b>Tekjur:</b>			<b>Eignir:</b>		
Sértekjur			Fastafjármunir		
Markaðar tekjur			Veltufjármunir	4.881.430	4.784.538
Aðrar rekstrartekjur			<b>Eignir alls</b>	<b>4.881.430</b>	<b>4.784.538</b>
<b>Tekjur alls</b>					
<b>Gjöld:</b>			<b>Skuldir og eigið fé:</b>		
Almennur rekstur	268.914.509	269.491.197	Höfuðstóll	1.270.029	4.784.538
Stofnkostnaður			Hagnaður/-tap ársins		
<b>Gjöld alls</b>	<b>268.914.509</b>	<b>269.491.197</b>	<b>Eigið fé í árslok</b>	<b>1.270.029</b>	<b>4.784.538</b>
Tekjur umfram gjöld			Langtímaskuldir		
Framlag úr ríkisjóði	265.400.000	270.800.000	Skammtímaskuldir	3.611.401	0
			<b>Skuldir alls</b>	<b>3.611.401</b>	<b>0</b>
<b>Hagnaður/-tap ársins</b>	<b>-3.514.509</b>	<b>1.308.803</b>	<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>4.881.430</b>	<b>4.784.538</b>



Frá úthlutun úr Lýðheilsusjóði 2020

